

Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460-8900
rha@unak.is
<http://www.rha.is>



FINNAFJÖRÐUR

Samfélagslýsing

Febrúar 2019

Höfundur

Hjalti Jóhannesson

R17-042-SFA

© RHA-Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2019

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-02-2019

ISSN 1670-8873 (vefútgáfa)

L-ISSN 1670-8873 (prentútgáfa)

Skýrsla unnin fyrir
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	6
2.	FINNAFJARÐARVERKEFNIÐ	8
3.	MANNFJÖLDI OG SAMSETNING HANS.....	11
3.1.	MANNFJÖLDAPRÓUN.....	11
3.2.	BÚFERLAFLUTNINGAR	13
3.3.	SAMSETNING MANNFJÖLDANS OG BAKGRUNNUR ÍBÚA	16
4.	ATVINNULÍF, VINNUMARKAÐUR OG TEKJUR.....	23
4.1.	ÁÆTLUÐ STÆRÐ VINNUMARKAÐAR	23
4.2.	VINNUSÓKN	24
4.3.	TEKJUR.....	26
4.4.	SAMSETNING VINNUMARKAÐARINS	28
4.5.	MENNTUNARSTIG	34
4.6.	ATVINNULEYSI	36
5.	ÞJÓNUSTA.....	38
5.1.	ÞJÓNUSTA RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA, SKIPULAG OG FRAMBOÐ.....	38
5.2.	FRAMBOÐ Á ÞJÓNUSTU EINKAÐILA	41
5.3.	ÞJÓNUSTUSÓKN (KANNANIR BYGGÐASTOFNUNAR)	42
6.	INNVIÐIR.....	44
6.1.	SAMGÖNGUKERFI.....	44
6.2.	DREIFI- OG FLUTNINGSKERFI RAFORKU	46
6.3.	NETTENGINGAR OG FJARSÍMASAMBAND	48
6.4.	FASTEIGNIR	49
7.	OPINBER STJÓRNSÝSLA.....	51
7.1.	STJÓRNSÝSLA RÍKISINS.....	51
7.2.	STJÓRNSÝSLA SVEITARFÉLAGA.....	52
7.3.	REKSTUR OG AFKOMA SVEITARFÉLAGA	53
7.4.	SKIPULAGSÁÆTLANIR	58
8.	UM SAMFÉLAGIÐ OG SAMFÉLAGSANDANN.....	60
9.	SAMANTEKT.....	62

HEIMILDASKRÁ	66
VIÐMÆLENDASKRÁ.....	74
VIÐAUKAR	75

MYNDIR

Mynd 1: Hluti aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027.	8
Mynd 2: Mannfjöldi í Svalbarðshreppi, Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppi 2001-2018.	12
Mynd 3: Mannfjöldi í byggðakjörnunum, Þórshöfn, Bakkafirði og Vopnafirði 2001-2018.	12
Mynd 4: Norðausturhornið, aðfluttir umfram brottflutta innanlands og milli landa 2001-2017.	16
Mynd 5: Fjöldi kvenna á hverja 100 karla 2001-2018.	17
Mynd 6: Samsetning mannfjöldans í sveitarfélögum á norðausturhorninu eftir aldri og kyni 2001	18
Mynd 7: Samsetning mannfjöldans í sveitarfélögum á norðausturhorninu eftir aldri og kyni 2008	18
Mynd 8: Samsetning mannfjöldans í sveitarfélögum á norðausturhorninu eftir aldri og kyni 2018	19
Mynd 9: Framfærsluhlutföll á norðausturhorninu í samanburði við landsmeðaltal	20
Mynd 10: Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang 2001-2018.	22
Mynd 11: Áætluð stærð vinnumarkaðar í sveitarfélögum á norðausturhorninu.	23
Mynd 12: Vinnusóknarsvæði árið 2015	24
Mynd 13: Hlutfall svarenda í þjónustukönnun Byggðastofnunar sem sóttu vinnu út fyrir sitt þéttbýli/sveitabæ á Norðurlandi eystra.	25
Mynd 14: Hlutfall svarenda í þjónustukönnun Byggðastofnunar sem sóttu vinnu út fyrir sitt þéttbýli/sveitabæ á Austurlandi	25
Mynd 15: Launatekjur á íbúa 2001-2016 á verðlagi 2016 skv. neysluvísitölu	26
Mynd 16: Atvinnutekjur í Þingeyjarsýslu raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna	27
Mynd 17: Breytingar á atvinnutekjum á milli áranna 2008 og 2016 í milljónum króna	28
Mynd 18: Landaður afli á Þórshöfn og Vopnafirði 2001-2017.	30
Mynd 19: Sauðfjárbú og sauðfjársláturhús í árslok 2017	32
Mynd 20: Mjólkurbú og bú með mjólkurkúr í árslok 2015	33
Mynd 21: Jarðir á norðaustanverðu landinu sem nýlega hafa verið keyptar af auðmönnum	34
Mynd 22: Menntunarstig svarenda í Þingeyjarsýslu í þjónustukönnun Byggðastofnunar 2017	35
Mynd 23: Menntunarstig svarenda á Austurlandi í þjónustukönnun Byggðastofnunar 2017	36
Mynd 24: Mánaðarlegt atvinnuleysi í sveitarfélögum á norðausturhorninu og samanburður við landið allt	37
Mynd 25: Nemendafjöldi í grunnskólum á norðausturhorninu	39
Mynd 26: Barnafjöldi í leikskólum í Langsnesbyggð og Vopnafjarðarhreppi	40
Mynd 27: Þjónustusókn íbúa í Svalbarðshreppi og Langanesbyggð	42
Mynd 28: Þjónustusókn íbúa í Vopnafjarðarhreppi	43

Mynd 29: Grunnnet samgangna samkvæmt samgönguáætlun 2011-2022	44
Mynd 30: Flutningskerfi raforku á norðausturhorninu	46
Mynd 31: Dreifikerfi RARIK á norðausturhorninu	47
Mynd 33: Meðalverð á fermetra á Þórshöfn, Bakkafirði og Vopnafirði 2010-2018	49
Mynd 34: Svæðaskipulag Vegagerðarinnar	52
Mynd 35: Skuldahlutfall sveitarfélaganna á norðausturhorninu (samantekin reikningsskil) 2005-2017	54
Mynd 36: Tekjur og gjöld sveitarfélaganna á norðausturhorninu (samantekin reikningsskil) 2005-2017	55
Mynd 37: Skatttekjur sveitarfélaganna á norðausturhorninu árið 2017, kr. á íbúa	56
Mynd 38: Helstu útgjaldaliðir (málaflokkar) sveitarfélaganna á norðausturhorninu árið 2017, kr. á íbúa	56
Mynd 39: Nokkrir minni málaflokkar sveitarfélaganna á norðausturhorninu árið 2017, kr. á íbúa	57

TÖFLUR

Tafla 1: Búferlaflutningar Langanesbyggðar 2001-2017, aðfluttir umfram brottflutta samtals.....	13
Tafla 2: Búferlaflutningar Svalbarðshrepps 2001-2017, aðfluttir umfram brottflutta samtals.	14
Tafla 3: Búferlaflutningar Vopnafjarðarhrepps 2001-2017, aðfluttir umfram brottflutta samtals	15
Tafla 4: Helstu vinnustaðirnir í Langanesbyggð og áætlaður starfsmannafjöldi þeirra í árslok 2018.....	29
Tafla 5: Helstu vinnustaðirnir í Vopnafjarðarhreppi og áætlaður starfsmannafjöldi þeirra í árslok 2018.	30
Tafla 6: Fjöldi búa með sauðfé eftir stærð í árslok 2017	32
Tafla 7: Vegalengdir milli staðanna á norðausturhorninu og til annarra staða þangað sem einkum er sótt þjónusta.....	45
Tafla 8: Meðalverð á fermetra sérbylis 1. janúar 2016 – 6. desember 2018.....	49

1. INNGANGUR

Verkefni þetta er unnið að beiðni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og felst í að skoða og greina þætti er varða samfélagið á helsta áhrifasvæði áformaðrar stórskipahafnar við Finnaþjörð í Langanesbyggð, svokallað Finnaþjörðarverkefni. Markmiðið með gerð skýrslunnar er að gera samfélagslýsingu til að átta sig betur á því samfélagi sem Finnaþjörðarverkefninu er ætlað að eiga sér stað í. Ekki er spáð fyrir um áhrif af framkvæmdum og atvinnustarfsemi í tengslum við hafnarstarfsemi á svæðinu í þessari skýrslu enda er margt óljóst um verkefnið og hvernig það muni þróast. Hins vegar er bent á álitamál sem kunna að vera uppi um tengsl Finnaþjörðarverkefnisins og samfélagsins. Samfélagsþáttum sem eru til skoðunar var fjölgað eftir að vinnan við þessa skýrslu hófst sem var talið nauðsynlegt til að fá sæmilega heildstæða mynd af stöðu og þróun svæðisins.

Samfélagslýsingin miðast einkum við sveitarfélögin Langanesbyggð, Svalbarðshrepp og Vopnaþjörðarhrepp og notað er samheitið norðausturhornið¹ fyrir sveitarfélögin. Þau geta talist innan svæðis þar sem unnt væri að sækja daglega vinnu til Finnaþjörðar. Hins vegar er óhjákvæmilegt að líta einnig til stærra svæðis fyrir suma þætti þar sem fjölmennari svæði geta einungis boðið upp á suma þjónustu sem starfsemi á borð við þessa gæti þurft á að halda. Þá ber einnig að líta til þess að opinber þjónusta á borð við heilbrigðisþjónustu, löggæslu og fleira er í sífelld auknum mæli skipulögð fyrir heila landshluta. Að mestu leyti er byggt á fyrirliggjandi gögnum, viðtölum við heimamenn og sérfræðinga í málaflokkum sem þessi úttekt tekur til.

Byggðin, sem Finnaþjörðarverkefninu er ætlað að eiga sér stað í, er fámenn og afskekkt í búsetumynstri landsins í dag og hefur átt undir högg að sækja. Verkefnið er stórvaxið og frábrugðið því sem fólk gæti búist við að ætti sér stað í samfélagi á borð við það sem er á norðausturhorni landsins. Að vinna þessa skýrslu er í anda þess sem kom fram í greinargerð nefndar um vanda byggðarinnar á Bakkafirði: „Þekking á náttúru og samfélagi er mikilvægur þáttur sem lagður verður til grundvallar ákvarðana um mögulega stórskipahöfn í Finnaþfirði, verkefni sem heimamenn í Langanesbyggð og Vopnaþjörðarhreppi hafa unnið að um árabil og er grundvallaratriði í framtíðarsýn sveitarfélaganna fyrir svæðið, svo sem sjá má í aðalskipulagi Langanesbyggðar“ (Nefnd fulltrúa fimm ráðherra um málefni Bakkaflóa, 2018).


¹ Ekki er um viðurkennt landfræðilegt heiti að ræða, frekar en í tilviki suðvesturhornsins. Mörg dæmi eru hins vegar um notkun orðsins, bæði í talmáli og ritmáli sem samheitis fyrir sveitarfélögin í kringum Melrakkaslétu og til Vopnaþjörðar, m.a. í Alþingistíðindum.

Hér verður ekki lagt mat á Finnafjarðarverkefnið sem slíkt en hins vegar verður bent á álitamál hvað varðar svo stórt verkefni og hvaða samfélagslegu áskoranir sé um að ræða og hafa þarf í huga haldi verkefnið áfram og kemst á framkvæmdastig á einn hátt eða annan.

Verkefnisstjóri var Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur hjá RHA og hefur hann einkum unnið að verkefninu.

2. FINNAFJARÐARVERKEFNIÐ

Svokallað Finnaðarverkefni hefur verið í vinnslu um nokkurra ára skeið. Þar er um að ræða að kynna og undirbúa stórskipahöfn í Finnaðarfirði sunnan Langaness. Þetta er eitt þeirra svæða á landinu sem hafa verið til umræðu í tengslum við norðurslóðasiglingar en umræða um slíkt og tækifæri því tengt fór mjög hátt á fyrsta áratug aldarinnar (Hjalte Jóhannesson og Halldór Jóhannsson, 2013). Svæðið við Finnaðarfirði er skilgreint sem blanda iðnaðar-, athafna- og landbúnaðarsvæðis í aðalskipulagi Langanessbyggðar 2007-2027 (Teikn, ráðgjöf og hönnun, 2013a). Voru hugmyndir um verkefnið að fæðast og mótast á vinnslutíma aðalskipulagsins sem fjallaði að verulegu leyti um það. Árið 2014 var síðan undirrituð viljayfirlýsing íslenskra stjórnvalda, Langanessbyggðar, Vopnaðarhreyfingar, verkfræðistofunnar Eflu og Bremenports í Þýskalandi um undirbúning verkefnisins (Stjórnarráð Íslands, 2014). Fleiri aðilar hafa sýnt verkefninu áhuga, s.s. Kínverjar (Haraldur Guðmundsson, 2017).



Mynd 1: Hluti aðalskipulags Langanessbyggðar 2007-2027 (Teikn, ráðgjöf og hönnun, 2013b).

Þróunarsvæðið fyrir verkefnið er 167 hektarar að stærð² samkvæmt kynningarriti verkfræðistofunnar Eflu. Þar segir ennfremur að aðstæður séu taldar ákjósanlegar fyrir stóra höfn. Þar er vísað til landrýmis, lítillar ölduhæðar, mikils aðdýpis, legu gagnvart mögulegum siglingum um Norður-Íshafið í framtíðinni og stækkunarmöguleika svæðisins. Alls eru afmarkaðir 6,3 km í aðalskipulagi Langesbyggðar undir hafnarkanta. Til samanburðar er heildarlengd hafnarkanta Faxaflóahafna tæplega 9,7 km (Faxaflóahafnir, e.d.). Vegalengd frá Finnafirði til Þórshafnar er 17 km, til Bakkaftarðar eru tæpir 30 km og til Vopnaftarðar eru um 54 km. Fell og Miðfjarðarnes eru einu bæirnir sem eru í heilsársbúsetu í Finnafirði um þessar mundir og er þar stundaður sauðfjárbúskapur og ferðaþjónusta.

Finnaftarðarverkefnið virðist vera í stöðugri þróun og hugmyndir um uppbyggingu hafa verið að breytast frá því verkefninu var lýst í aðalskipulagi Langesbyggðar. Þannig er meðal annars rætt um að vinnustaðir sem því tengjast ættu að vera minni en upphaflega var rætt um. Samkvæmt upplýsingum frá Hafsteini Helgasyni, sviðsstjóra viðskiptaþróunar hjá verkfræðistofunni Eflu má skipta verkefninu, eða núverandi hugmyndum um uppbyggingu þess, upp í sex þætti. Starfsmannafjöldi við hvern og einn þátt hefur mjög gróflega verið áætlaður og er almennt heldur minni en fram kom í aðalskipulagi Langesbyggðar. Vegna þessarar óvissu er áætlaðar tölur ekki nefndar hér.

1. *Strandgæslustöð* fyrir varðskip og þylusveit Landhelgisgæslunnar.
2. *Umskipun jarðefna*, sem unnin yrðu úr jörð á Grænlandi, geymsla og umskipun til flutnings áfram til annarra landa. Ef til vill yrði einhver meðhöndlun efnis til að hreinsa það, minnka rúmmál og þyngd³.
3. *Break bulk* þar sem varningi sem ekki er hægt að flytja í hefðbundnum gámaskipum er umskipað. Slíkt gæti verið stórgerður varningur sem þarf að flytja á sérhæfðum skipum og þarf að bíða þar til hlutanna er þörf á áfangastað. Þetta gætu verið hlutir á borð við stórar vindraftstöðvar þar sem möstur og spaðar gætu verið geymd í Finnafirði þar til komið er að því að setja þetta upp á notkunarstað. Þá hefur verið nefnt að geyma og meðhöndla þarna hluti sem þarf að breyta og meðhöndla áður en þeir eru sendir á notkunarstað. Dæmi um þetta gætu t.d. verið strætisvagnar frá Kína⁴ sem

² Til samanburðar er Kvosin í Reykjavík, frá Hörpu, allt að Hringbraut, vestur að sjó við Ánanaust og Grandinn, samtals um 158 ha. Samkvæmt nýjum upplýsingum frá Eflu er svæðið sem afmarkað er norðan Smyrlafells á aðalskipulagi Langesbyggðar, ekki inni á þróunarsvæðinu. Aðeins svæðið við sunnanverðan Finnafjörð.

³ Til dæmis með *flotation treatment* þar sem efni eru aðskilin á grundvelli eðlisþyngdar.

⁴ Fimm mánaða afgreiðslutími vegna langrar vegalengdar.

ætlaðir væru á Evrópumarkað en væru sendir til Finnafjarðar ómálaðir og óinnréttaðir. Þar færi fram málun, merkingar og innrétting eftir þörfum endanlegs notanda í Evrópu.

4. *Orku- og fiskeldisgarðar*, margar einingar. Rætt hefur verið um rafgreiningu á vetni og tengda framleiðslu á ammoníaki og þungu vatni til útflutnings. Tengt þessu gæti verið fiskeldi á landi sem myndi nýta súrefni úr vetnisvinnslunni og hita sem myndast. Þessu tengt gæti verið ýmis starfsemi á borð við vörubrettaframleiðslu, fóður og áburðarframleiðsla.
5. *Orkuframleiðsla*, bæði eru hugmyndir um vindorkuver og að nýta árnar á svæðinu.
6. *Fraktflugvöllur* er meðal þeirra hugmynda sem fram hafa komið og það tengist m.a. möguleikum á að „umskipa“ þarna dýrum og varningi á borð við raftæki sem síðan yrði dreift á markað s.s. í Evrópu. Einnig hefur verið rætt um útflutning á fiski og e.t.v. fleiru frá Íslandi yfir pólinn til Asíu. Þarna séu tækifæri sem ekki hefur verið sinnt að nægilegu leyti í Keflavík. Tvær vindáttir eru ríkjandi á svæðinu skv. veðurfarsrannsóknunum.

Það eru því fjölbreyttar hugmyndir í gangi um nýtingu svæðisins og sjálfsagt hefur fleira komið til umræðu þannig að óvissa er mikil og viðmælandi sagði að öll svör í dag um hvað gæti verið í vændum á þessu svæði, væru sjálfsagt dæmd til að vera röng. Verið sé að ræða um þróun svæðisi sem gæti tekið marga áratugi. Þrátt fyrir að gróflega sé áætlað hversu margir starfsmenn gætu unnið við hvert undirverkefni Finnafjarðarverkefnisins að ofan þá kom fram hjá viðmælenda að í raun væri ógjörningur að segja til um hversu stór vinnustaður þetta yrði í heildina. Annar viðmælandi orðaði þetta svona að „*Við ráðum ekki hvort möguleikinn kemur upp heldur hvort við leyfum verkefni á borð við þetta*“.

Í viðtölum kom fram að fólk á svæðinu virðist ekki mikið vera að velta þessu verkefni fyrir frá degi til dags og í raun vissi það ekki svo mikið um það. Einnig komu fram talsverðar efasemdir um að þessar áætlanir gengju eftir.

Talsverðar rannsóknir eru og hafa verið í gangi á vegum Bremenports og Eflu á svæðinu, s.s. jarðvegsrannsóknir og veðurfarsrannsóknir.

3. MANNFJÖLDI OG SAMSETNING HANS

Hvað þróun mannfjölda varðar verður einkum litið til nærsvæðis Finnafjarðarverkefnisins, þ.e. Svalbarðshrepps, Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps eða norðausturhornisins eins og kosið var að kalla svæðið í þessari skýrslu. Einnig verður litið til mannfjölda á stærri svæðum s.s. Norðurlandi eystra og Austurlandi þar sem norðausturhornið er að ýmsu leyti hluti af báðum þessum landshlutum.

3.1. Mannfjöldapróun

Í sveitarfélögunum þremur á nærsvæði Finnafjarðarverkefnisins, sem við köllum hér norðausturhornið, bjuggu samtals 1.228 manns þann 1. janúar 2018.

Í Norðurþingi bjuggu rúmlega 3.200 manns, þar af rúmlega 122 á Kópaskeri og 186 á Raufarhöfn sem eru næstu byggðarlög vestan Þórshafnar. Á Norðurlandi eystra bjuggu samtals um 30.500 manns þann 1. janúar 2018 og meiri hluti þeirra á Akureyri eða um 18.800 manns. Þar er mesta þjónustugetan á svæðinu en þangað eru um 250 km frá Finnafirði. Á mið- og norðanverðu Austurlandi bjuggu rétt rúmlega 10.000 manns í árbyrjun 2018, þar af tæplega 5.000 í Fjarðabyggð og 3.500 á Fljótsdalshéraði.


3.1.1. Sveitarfélög og byggðakjarnar

Hér að neðan má sjá hver var íbúðapróun í Svalbarðshreppi, Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppi frá aldamótum og til 2018.


Íbúar sveitarfélaganna í heild voru samtals 1.454 árið 2001 en hefur fækkað um 226 á tímabilinu eða 16% miðað við 2001. Mest fækkaði í Svalbarðshreppi eða um fjórðung en minnst í Vopnafjarðarhreppi 13%. Sjá má að eftir efnahagshrunið dró úr fækkun á svæðinu enda gekk vel í sjávarútvegi þegar krónan var veik og vel fiskaðist af makríl en veiði og vinnsla uppsjávarfisks er mikilvæg fyrir svæðið og sterk fyrirtæki á því sviði með starfsstöðvar á Þórshöfn⁵ og Vopnafirði⁶.

⁵ Ísfélag Vestmannaeyja hf.

⁶ BH Grandi hf.



Mynd 2: Mannfjöldi í Svalbarðshreppi, Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppi 2001-2018 (Hagstofa Íslands, e.d.-a).



Mynd 3: Mannfjöldi í byggðakjörnunum, Þórshöfn, Bakkafirði og Vopnafirði 2001-2018 (Hagstofa Íslands, e.d.-b).

Þegar litið er til byggðarkjarnanna á nærsvæðinu sérstaklega þá má sjá svipaða íbúafækkun, eða 14%. Hins vegar er fækkunin mjög mismunandi. Bakkafjörður er í sérstakri stöðu því þar fækkaði um 50% frá 2001 en 10% á Þórshöfn og 8% á Vopnafirði.

Fækkunin á Bakkafirði er jafnvel enn meiri en þessar tölur gefa til kynna því samkvæmt athugun sem fór fram á svæðinu voru íbúar sem búa að staðaldri í þorpinu í upphafi árs 2018 aðeins taldir vera um 48. Þar af eru erlendir íbúar sem búa þar að staðaldri taldir vera 22 (Starfshópur um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa, 2018). Nánar verður fjallað um slæma stöðu Bakkafjarðar aftar í skýrslunni s.s. í tengslum við atvinnulíf, þjónustu, innviði og stjórnsýslu.

3.2. Búferlaflutningar

Þegar búferlaflutningar eru skoðaðir fyrir norðausturhornið fyrir tímabilið 2001-2017 kemur í ljós að fleiri hafa flutt frá öllum sveitarfélögum á svæðinu umfram þá sem þangað hafa flutt. Hér á eftir eru þrjár töflur, fyrir hvert og eitt sveitarfélag. Sjá má að staðan er keimlík í sveitarfélagunum á norðausturhorninu.

Tafla 1: Búferlaflutningar Langanesbyggðar 2001-2017, aðfluttir umfram brottflutta samtals (Hagstofa Íslands, e.d.-c).

	Milli sveitarfélaga innan landsvæðis	Milli landsvæða	Milli landa	Alls
2001	-14	-27	-4	-45
2002	-4	-2	3	-3
2003	-11	-3	-4	-18
2004	2	7	6	15
2005	-11	-17	10	-18
2006	-20	-21	13	-28
2007	-12	-28	8	-32
2008	5	9	12	26
2009	-2	12	1	11
2010	-20	-6	6	-20
2011	0	-3	6	3
2012	6	-6	5	5
2013	-3	2	6	5
2014	-15	-7	0	-22
2015	-9	-5	3	-11
2016	0	-20	-1	-21
2017	-10	-22	25	-7
2001-17	-118	-137	95	-160

Í tilviki Langanesbyggðar er straumur íbúa erlendis frá áberandi og gerir nokkuð til að vega upp á móti straumi íbúa til annarra landshluta og annarra sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.

Tafla 2: Búferlaflutningar Svalbarðshrepps 2001-2017, aðfluttir umfram brottflutta samtals (Hagstofa Íslands, e.d.-c).

	Milli sveitarfélaga innan landsvæðis	Milli landsvæða	Milli landa	Alls
2001	0	0	0	0
2002	-1	0	1	0
2003	3	3	0	6
2004	-1	-5	-2	-8
2005	-4	-1	-1	-6
2006	-2	2	-1	-1
2007	3	2	4	9
2008	-4	-2	1	-5
2009	1	2	-4	-1
2010	-1	-1	-2	-4
2011	-6	0	1	-5
2012	-5	0	1	-4
2013	-7	-1	0	-8
2014	9	0	-2	7
2015	1	-2	1	0
2016	-2	-3	1	-4
2017	-4	1	0	-3
2001-17	-20	-5	-2	-27

Í Svalbarðshreppi er lítið um búferlaflutninga erlendis frá og er megin straumurinn frá hreppnum er til annarra sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.

Í tilviki Vopnafjarðarhrepps er megin straumur búferlaflutninga til annarra landshluta en hlutfallslega fáir flytja búferlum til annarra sveitarfélaga á Austurlandi. Þá er einnig áberandi að fáir flytja milli Vopnafjarðar og útlanda og er staðan gjörólík þeirri sem er í Langanesbyggð að þessu leyti.

Almennt voru búferlaflutningar frá sveitarfélögunum á norðausturhorninu ráðandi á árunum fyrir fjármálahrunið 2008 en síðan dró úr brottflutningi. Sjávarútvegur gekk vel eftir 2008 og veiddist uppsjávarfiskur vel en hann er mikilvægur á þessu svæði. Á undanförunum árum hefur brottflutningur frá sveitarfélögunum hins vegar aukist nokkuð.

Athyglisvert er að Langanesbyggð er undantekning á þessu svæði hvað varðar búferlaflutninga erlendis frá sem fylla skörð þeirra sem flytja annað hvort til annarra sveitarfélaga innan


landshluta eða til annarra landshluta. Slíkt búferlaflutningamynstur erlendis frá er þó mjög algengt á landsbyggðinni, s.s. á Vestfjörðum.

Tafla 3: Búferlaflutningar Vopnafjarðarhrepps 2001-2017, aðfluttir umfram brottflutta samtals (Hagstofa Íslands, e.d.-c).

	Milli sveitarfélaga innan landsvæðis	Milli landsvæða	Milli landa	Alls
2001	-5	-3	-5	-13
2002	0	11	-1	10
2003	5	-30	0	-25
2004	-2	-16	4	-14
2005	-3	-10	6	-7
2006	-7	-9	-2	-18
2007	-1	-14	-4	-19
2008	-7	-24	1	-30
2009	2	6	-1	7
2010	3	-20	6	-11
2011	-4	4	2	2
2012	4	20	-7	17
2013	-1	4	5	8
2014	4	-21	-3	-20
2015	-3	-14	4	-13
2016	1	5	-3	3
2017	-3	10	6	13
2001-17	-17	-101	8	-110

Myndin að aftan sýnir búferlaflutninga svæðisins í heild annars vegar innanlands og hins vegar gagnvart útlöndum. Þegar um jafn fámennit svæði og þetta er að ræða þá skiptir ákvörðun hvers einstaklings og hvernar fjölskyldu miklu máli um stöðu búferlaflutninga.

Leggja verður áherslu á að búferlaflutningar breyta samsetningu mannfjöldans þar sem þeir sem flytja hafa ekki sömu sömu samsetningu og heildin. Yngra fólk flytur þannig meira en það sem eldra er og konur flytja frekar en karlar. Þá er bakgrunnur hvað ríkisfang varðar misjafn eftir því hvort um er að ræða flutning inn á svæðið eða frá því. Þannig hafa búferlaflutningar þau áhrif á þetta svæði að þeir hækka meðalaldurinn á svæðinu og fjölga hlutfallslega fólki með erlendan bakgrunn. Nánar verður fjallað um samsetning mannfjöldans eftir kyni, aldri og ríkisfangi í næsta kafla.



Mynd 4: Norðausturhornið, aðfluttir umfram brottflutta innanlands og milli landa 2001-2017 (Hagstofa Íslands, e.d.-c).

3.3. Samsetning mannfjöldans og bakgrunnur íbúa


Hér að neðan verður fjallað um samsetningu mannfjöldans út frá aldri, kyni og ríkisfangi, þ.e. hvort um er að ræða Íslendinga eða útlendinga. Þessi atriði varpa nánara ljósi á þróunina á svæðinu og geta einnig gefið vísbendingu um þróun þess á næstu árum.

3.3.1. Samsetning mannfjöldans eftir kyni og aldri

Þegar litið er til hlutfalls karla og kvenna má sjá að það hallar nokkuð á konur í öllum þremur sveitarfélögum. Það er algengt í fámennum jaðarsvæðum með einhæft atvinnulíf að karlar séu fleiri en konur. Meðal ástæðna fyrir þessu hefur verið nefnt að atvinnulíf slíkra svæða sé fremur einhæft með áherslu á frumvinnslugreinarnar landbúnað og fiskveiðar. Þá mennta konur sig meira en karlar og sækja til dæmis í umönnunarstörf og ýmis þjónustustörf sem eru fremur í boði í þéttbýlinu. Loks má nefna að þjónusta við fjölskylduna er fjölbreyttari og aðgengilegri í þéttbýlinu og þetta er meðal þess sem talið er ýta undir búferlaflutninga kvenna og þar með fjölskyldna til (stærri) þéttbýlisstaða eða næsta nágrennis við þá (Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir, 2010). Mynd 5 sýnir hversu margar konur eru á 100 karla í sveitarfélögum þremur⁷. Í Svalbarðshreppi er hlutfall kvenna lægst en það lækkaði talsvert


⁷ Oftast er miðað við fjölda kvenna á 1.000 karla en í tilviki fámennra íslenskra sveitarfélaga er betra að miða við fjölda á hverja 100 íbúa.

á fyrstu árum aldarinnar. Jöfnust eru hlutföllin í Vopnafjarðahreppi sem jafnframt er fjölmennasta sveitarfélagið. Í Langanesbyggð hafa hlutföll karla og kvenna orðið jafnari á tímabilinu sem hér er til skoðunar með þeirri undantekningu að undanfarin tvö ár hefur konum hlutfallslega fækkað talsvert.




Mynd 5: Fjöldi kvenna á hverja 100 karla 2001-2018 (Hagstofa Íslands, e.d.-a).

Mannfjöldapíramídar eru tæki sem unnt er að nota til að greina samsetningu mannfjöldans á tilteknum stað og tíma. Hér að neðan eru þrír píramídar sem sýna samsetningu mannfjöldans í sveitarfélögunum þremur á norðausturhorninu samtals árin 2001, 2008 og 2018. Heildregnu lárétta súlurnar sýna hlutfallslegan fjölda hvers árgangs af heildarfjölda á svæðinu en skyggðu súlurnar sýna landsmeðaltalið. Karlar eru táknaðir með blárri skyggingu og línunum en konur með appelsínugulum lit.



Mynd 6: Samsetning mannfjöldans í sveitarfélögum á norð austurhorninu eftir aldri og kyni 2001 (Hagstofa Íslands, e.d.-a).

Árið 2001 má sjá að það hallaði mikið á konur 25-34 ára. Þá voru börn yngri en 10 ára hlutfallslega færri en eldri árgangar barna og er ekki ósennilegt að það tengist því að ungu konurnar voru einnig frekar fámennar á svæðinu.




Mynd 7: Samsetning mannfjöldans í sveitarfélögum á norð austurhorninu eftir aldri og kyni 2008 (Hagstofa Íslands, e.d.-a).

Árið 2008 hafði orðið nokkur breyting á samsetningu mannfjöldans á svæðinu frá 2001 og er áberandi að aldurshópurinn milli tvítugs og fertugs er orðinn hlutfallslega umtalsvert

fámennari en á landsvísu. Gildir þetta nú líka fyrir karla en er þó enn meira áberandi meðal kvenna. Þá er einnig áberandi að eldri karlar eru orðnir hlutfallslega margir og sömuleiðis eldri konur þótt það sé ekki jafn áberandi. Hlutfall unglunga er nokkuð hærra en var árið 2001 og eru 15-19 ára jafnvel hlutfallslega fleiri en á landsvísu. Ekki munar nú jafnmiklu á hlutfallslegum fjölda yngstu barnanna á svæðinu og á landsvísu. Hafa þarf í huga að mikill brottflutningur var frá svæðinu á árunum 2001-2007 sem á sinn þátt í því hversu miklar breytingar má sjá milli áranna 2001 og 2008.

Árið 2018 virðist staðan hafa jafnast eitthvað. Þannig er ekki eins áberandi hve vantar í hóp 20-40 ára, sérstaklega meðal kvenna, þetta er nú jafnvel orðið meira áberandi meðal karlanna. Hins vegar er enn meira áberandi en áður hve karlar eru orðnir hlutfallslega fleiri í heildina. Það gildir nú um alla 5 ára aldurshópana frá og með 45 ára. Yngstu börnin, 0-5 ára eru nú áberandi hlutfallslega færri en á landsvísu og miðað við eldri aldurshópa barna á svæðinu.



Mynd 8: Samsetning mannfjöldans í sveitarfélögum á norðausturhorninu eftir aldri og kyni 2018 (Hagstofa Íslands, e.d.-a).


Hafa ber í huga þegar skoðaðir eru mannfjöldapíramídar fyrir jafn fámenn svæði og sveitarfélögin þrjú á norðausturhorni landsins að árgangar geta verið mjög misstórir og þannig getur birst tilviljanakenndari mynd en fyrir fjölmennari svæði að ekki sé talað um landið sem heild.

3.3.2. Framfærsluhlutföll

Framfærsluhlutföll má t.d. nota til að skoða hver sé þjónustubörfin á viðkomandi svæði (t.d. skólar, heilbrigðisstofnanir, heimaþjónusta og elliheimili) því það eru oft þeir sem yngri eru

(19 ára og yngri) og eldri borgarar (65 ára og eldri) sem ýmissar þjónustu njóta. Hlutföllin sýna hversu margir á virkasta vinnualdri (20-64 ára) standa að baki þessum yngri og eldri hópum.

Heildarframfærsluhlutfall⁸ á norðausturhorninu; Langanesbyggð, Svalbarðshreppi og Vopnafjarðarhreppi er orðið talsvert hærra en landsmeðaltalið. Svæðið byrjaði að víkja verulega frá landsmeðaltalinu eftir árið 2005. Bæði hækkaði framfærsluhlutfall barna 0-19 ára lítillega um það leyti en sérstaklega hefur framfærsluhlutfall eldri borgara verið að hækka nokkuð stöðugt á tímabilinu frá 2001. Það síðarnefnda kemur ekki á óvart þegar mannfjöldapíramíðarnir að framan eru hafðir til hliðsjónar.



Mynd 9: Framfærsluhlutföll á norðausturhorninu í samanburði við landsmeðaltal (Hagstofa Íslands, e.d.-a)

Þróun þessara mála í sveitarfélögunum á norðausturhorninu bendir til þess að þjónustan við eldri borgara sé sérstaklega að verða þyngri með árunum.


3.3.3. Uppruni eftir ríkisfangi

Fólki með erlent ríkisfang hefur fjölgað lítillega í sveitarfélögunum á norðausturhorninu sem heild eða um 12 manns úr 80 árið 2001 í 92 árið 2017. Á sama tíma hefur Íslendingum hins vegar fækkað mikið eða samtals um 242 manns. Hér má minna á greiningu á búferlaflutningum framar í skýrslunni. Þannig hefur hlutfall erlendu ríkisborgaranna hækkað úr 6% í 8% á svæðinu

⁸ Með framfærsluhlutfalli er átt við hlutfall aldurshópa sem ekki eru á vinnualdri (hér 0-19 ára og 65 ára og eldri) af þeim sem teljast á vinnualdri (hér 20-64 ára).

sem heild. Þetta er nokkuð lægra hlutfall erlendra ríkisborgara en á landinu öllu og hlutfallið hefur hækkað hægar. Hins vegar er þróunin keimlík og á landinu fyrir utan það að fjölgun erlendra ríkisborgara var ekki í sama takti. Á landinu í heild hækkaði hlutfall erlendra ríkisborgara mest á árunum fyrir hrun en á norðausturhorninu hækkaði hlutfallið áfram eftir hrun meðal það lækkaði á landinu, enda gekk betur í sjávarútvegi vegna falls krónunnar og aukinna uppsjávarveiða.

Mynd 10 sýnir að það er mjög misjafnt hvernig þessi þróun varð í einstökum sveitarfélögum á svæðinu. Langhæsta hlutfall erlendra ríkisborgara er í Langesbyggð eða um 15% en var aðeins 7% fyrir hrun. Í Langesbyggð bjuggu 73 íbúar með erlent ríkisfang í ársbyrjun 2017 sem er um 80% af öllum erlendum ríkisborgurum á svæðinu. Samkvæmt skýrslu um stöðu Bakkafjarðar bjuggu 22 af þessum 73 erlendu ríkisborgurum í Bakkafirði (Starfshópur um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa, 2018). Þegar skoðuð er nánar samsetning erlendra ríkisborgara í Langesbyggð kemur í ljós að það er jafnvægi á milli kynja en flestir eru þessir íbúar á aldrinum 25-40 ára sem er í samræmi við það að tíðni búferlaflutninga er mest á þessum aldri. Þá eru 9 börn upp að 6 ára aldri og 5 á grunnskólaaldrinum. Aðeins tveir erlendir ríkisborgarar Langesbyggðar eru yfir fimmtugu og enginn er eldri en sextugur. Það má segja að þessir nýju íbúar með erlent ríkisfang fylli þannig að nokkru leyti skörð þeirra Íslendinga sem flytjast brott innanlands eða utan. Þetta er líklega ástæðan fyrir því að mannfjöldapíramídið fyrir árið 2018 er jafnari hvað varðar kyn- og aldurssamsetningu heldur en búast hefði mátt við miðað við stöðuna 2001 og 2008 og almenna þróun sem einkennist af brottflutningi (ungra) kvenna til stærra þéttbýlis (Magnfríður Júlíusdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Karlsdóttir, 2013).



Mynd 10: Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang 2001-2018 (Hagstofa Íslands, e.d.-d).

Brottlutningur frá stöðum skapar nefnilega tækifæri fyrir strauma í hina áttina (e. counter migration), s.s. hvað varðar húsnæði, atvinnu, þjónustu og fleira sem einhverjir notfæra sér, í þessu tilviki erlendir ríkisborgarar.

Nokkrar skýringar hafa verið nefndar vegna hærra hlutfalls erlendra ríkisborgara í Langesbyggð en nágrannasveitarfélögum og er þar á meðal að fjölskyldutengsl séu milli innflytjenda og þeirra sem búa á staðnum. Einnig kunni að vera að vinnuaðstæður og vinnustaðamenning höfði fremur til útlendinga en Íslendinga. Samkvæmt viðmælendum er mjög misjafnt hvort erlendu ríkisborgarnir samlagist íslenska samfélaginu, það fari í raun mikið eftir viðkomandi einstaklingum eins og gengur og gerist; sumir aðlagist íslensku samfélagi mjög vel meðan aðrir blandi minna geði.


Samsetning íbúanna í Svalbarðshreppi og Vopnafjarðarhreppi er gjörólík Langesbyggð að þessu leyti. Í sveitarfélögunum eru aðeins 2-3% íbúa með erlent ríkisfang og hefur fjölgað lítið undanfarin ár. Samkvæmt viðtölum við aðila á Vopnafirði kann það að tengjast því að Vopnafjörður hefur um langt skeið verið nokkuð lokað samfélag sem meðal annars tengist fjarlægðum til annarra staða og slæmum samgöngum gegnum tíðina.

4. ATVINNULÍF, VINNUMARKAÐUR OG TEKJUR

Fjölbreyttar upplýsingar eru notaðar til að reyna að bregða ljósi á atvinnulífið en á þessu sviði vantar nokkuð upp á að heildstæð gögn séu til staðar. Opinber gögn um samsetningu atvinnulífsins eru ekki ýkja aðgengileg fyrir smærri svæði og því er að einhverju leyti byggt á viðtölum við heimamenn og gögn frá Bygðastofnun veita mikilvægar upplýsingar. Tekjuupplýsingar frá RSK og Sambandi sveitarfélaga eru notaðar.

4.1. Áætluð stærð vinnumarkaðar


Vinnumálastofnun áætla að stærð vinnumarkaðarins sé um það bil 700 manns í sveitarfélögunum þremur. Þetta er um það bil 57% af heildar mannfjöldanum en árið 2001 var vinnuaflíð talið vera 813 manns og svipað hlutfall heildar mannfjöldans. Athyglisvert er að vinnuaflíð dróst saman til ársins 2011 og taldist þá vera 668 manns en á þessum tíma stóð mannfjöldinn á svæðinu nokkurn veginn í stað. Ein ástæðan er líklega sú að svæðið er að eldast og þannig fjölgaði þeim sem eru 65 ára og eldri um 125 á meðan börnum og ungmennum undir tvítugu fækkaði um rúmlega 100 manns. Þeim sem eru 20-64 ára fækkaði um 137. Þetta er í raun það sem kom fram í umfjöllun um framfærsluhlutföllin hér að framan (Mynd 9).



Mynd 11: Áætluð stærð vinnumarkaðar í sveitarfélögunum á norðausturhorninu (Vinnumálastofnun, e.d.).

4.2. Vinnusókn


Byggðastofnun hefur skipt landinu í vinnusóknarsvæði út frá þéttbýlisstöðum og má sjá að nánast samfelld vinnusóknarsvæði er á milli Þórshafnar og Vopnafjarðar. Bakkaheiði skilur að vinnusóknarsvæðin.



Mynd 12: Vinnusóknarsvæði árið 2015 (Árni Ragnarsson, 2017).


Vinnusóknarsvæðin eru afmörkuð í samráði Byggðastofnunar við heimamenn á hverju og svæði og byggjast því á raunverulegri vinnusókn eins og hún er þegar gagnanna er aflað en ekki viðmiðunum um tiltekinn hámarksaksturstíma hvora leið eins og oft er gert í sambærilegum tilvikum erlendis.

Byggðastofnun hefur einnig kannað hversu hátt hlutfall íbúa tiltekinna svæða sækir vinnu út fyrir þann þéttbýlisstað eða sveitabæ þar sem viðkomandi býr. Þessara gagna var aflað í þjónustukönnunum sem Byggðastofnun lét framkvæma í öllum landshlutum. Mynd 13 sýnir þannig að 40% svarenda í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi sóttu vinnu út fyrir sitt búsetusvæði og má ætla að íbúar Bakkafjarðar séu þar á meðal. Atvinnusóknin frá Langanesbyggð og Svalbarðshreppi er minni en í nágrennabyggðarlögum Akureyrar og Húsavíkur, en eftir því sem fólk býr nær slíkum stærri þéttbýlisstöðum eykst að jafnaði vinnusóknin. Þannig er um nokkurn eðlismun að ræða á fámennari sveitarfélögum eftir landfræðilegri stöðu þeirra gagnvart fjölmennari þéttbýliskjörnum.



Mynd 13: Hlutfall svarenda í þjónustukönnun Byggðastofnunar sem sóttu vinnu út fyrir sitt þéttbýli/sveitabæ á Norðurlandi eystra (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018a).

Mynd 14 sýnir hlutfall svarenda eftir svæðum á Austurlandi sem sækja vinnu út fyrir sitt búsetusvæði. Þarna sker Vopnafjörður sig úr með litla atvinnusókn annað. Það kemur ekki á óvart þar sem Vopnafjörður er mjög afmarkaður landfræðilega, engir þéttbýlisstaðir með öfluglu atvinnulífi nálægt og ekki miklar líkur á að unnt sé að sækja þaðan atvinnu að neinu marki.




Mynd 14: Hlutfall svarenda í þjónustukönnun Byggðastofnunar sem sóttu vinnu út fyrir sitt þéttbýli/sveitabæ á Austurlandi (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018b).

Fyrirliggjandi upplýsingar um atvinnusókn draga fram það einkenni samfélagsins á norðausturhorninu að vera landfræðilega afskekkt og þar af leiðandi þarf svæðið að vera sjálft sér nógt að mörgu leyti, m.a. hvað varðar atvinnuna. Ef atvinnan er ekki á staðnum, þá er erfitt fyrir íbúa og/eða langsótt að sækja hana eitthvert annað því þá væri alltaf um langan veg að

fara. Á stöðum þar sem landfræðilegar aðstæður eru með þessum hætti er því oft um það að ræða að flytja brott ef atvinna er ekki lengur í boði á viðkomandi stað. Auðvitað eru dæmi um hitt, að halda áfram búsetu á staðnum og sækja vinnu um langan veg t.d. með því að fara sjaldan á milli heimilis og vinnustaðar, eða sinna starfi „án staðsetningar“.

4.3. Tekjur


Þegar skoðaðar eru launatekjur íbúa á norðausturhorninu (Mynd 15) má sjá að þær hafa verið hærri í Langesbyggð og Vopnafjarðarhreppi en í Svalbarðshreppi. Í fyrrnefndu sveitarfélögunum tveimur voru tekjur nálægt landsmeðaltali í upphafi tímabilsins. Tekur í Svalbarðshreppi eru að jafnaði mun lægri enda er það sauðfjárræktarhérað og í þeirri atvinnugrein hefur afkoman yfirleitt ekki verið góð. Tekjurnar á norðausturhorninu hafa ekki þróast með sama hætti og á landinu öllu. Fram til ársins 2007 hækkuðu tekjurnar mikið á landinu öllu á meðan þær stóðu nokkurn veginn í stað í þessum sveitarfélögum á föstu verðlagi. Eftir hrun breyttust tekjur hins vegar frekar lítið á norðausturhorninu meðan þær hrundu á landsvísi fram til ársins 2010 og voru þá orðnar álíka háar á svæðinu og á landinu öllu.



Mynd 15: Launatekjur á íbúa 2001-2016 á verðlagi 2016 skv. neysluvísitölu (Ríkisskattstjóri, e.d.).


Eftir 2013 fór aftur að breikka bilið á milli sveitarfélaga á norðausturhorninu og meðaltekna á landinu sem hækkuðu meira. Sérstaklega er áberandi að Svalbarðshreppur stendur í stað hvað þetta varðar.

Byggðastofnun tók saman gögn um tekjur eftir landshlutum og atvinnugreinum 2008-2016 (Sigurður Árnason, Einar Örn Hreinsson og Guðmundur Guðmundsson, 2018). Ekki voru teknar saman tölur fyrir smærri svæði á borð við nærsvæðið í þessari rannsókn þ.e. norðausturhornið og því ekki hægt að yfirfæra niðurstöðurnar beint yfir á það. Hins vegar má segja að norðausturhornið sé hluti af því efnahagssvæði sem Þingeyjarsýsla er. Fram kom að í Þingeyjarsýslu sem heild eru fimm stærstu atvinnugreinarnar hvað varðar atvinnutekjur fræðslustarfsemi, mannvirkjagerð, fiskveiðar, opinber stjórnsýsla og gisting og veitingar (Mynd 16).



Mynd 16: Atvinnutekjur í Þingeyjarsýslu raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna (Sigurður Árnason o.fl., 2018).

Talsverðar breytingar hafa orðið á greiddum atvinnutekjum einstakra atvinnugreina Þingeyjarsýslu á tímabilinu 2008-2016 og er aukning í gistingum og veitingum mest áberandi, svo og því sem er kallað „leiga og sérhæfð þjónusta“ en undir það falla meðal annars bílaleigur, ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta. Þannig má sjá að það er í ferðaþjónustu sem sjá má mestu breytingarnar í sýslunni sem kemur ekki á óvart þegar hafður er í huga mikill vöxtur ferðaþjónustunnar á þessum tíma og að í Þingeyjarsýslu, einkum í Suður-Þingeyjarsýslu eru sumir fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins. Ganga má út frá því sem vísu að á norðausturhorninu hafi verið minni vöxtur í ferðaþjónustu en í Þingeyjarsýslu sem heild. Þá er önnur grein sem vaxið hefur mikið á svæðinu sem er mannvirkjagerð og má tengja það bæði við uppbyggingu á stóriðju við Húsavík og byggingu hótela og annarra innviða ferðaþjónustunnar.



Mynd 17: Breytingar á atvinnutekjum á milli ára 2008 og 2016 í milljónum króna (Sigurður Árnason o.fl., 2018).

4.4. Samsetning vinnumarkaðarins

Skástu tölfræðilegar vísbendingar um samsetningu vinnumarkaðarins er líklega að fá úr nýlegri könnun Byggðastofnunar á þjónustusókn landshluta. Þar er vinnumarkaðurinn aðeins greindur eftir heilum landshlutum og sjá má hvernig hann skiptist á Norðurlandi eystra og Austurlandi á myndum í viðauka, en í grófum dráttum má segja að þjónustugreinar á borð við heilbrigðis- og félagsþjónustu ásamt fræðslustarfsemi séu fjölmennustu atvinnugreinarnar í báðum landshlutum samkvæmt þessu. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð er einnig fjölmenn í báðum landshlutum en síðan fer myndin að verða ólíkari. Á Norðurlandi eystra er sérfræðileg, tæknileg og vísindalegs starfsemi stór atvinnugrein og hefur Háskólinn á Akureyri líklega eitthvert vægi þar en á Austurlandi er framleiðsla án fiskvinnslu fjölmenn atvinnugrein og er það væntanlega Fjarðaál sem vegur þar þungt. Þessi gögn segja almennt til um megin einkenni landshlutanna en eru hins vegar alls ófullnægjandi til að átta sig á samsetningu atvinnulífsins á norðausturhorninu. Eðli málsins samkvæmt er mikill munur á því hvort um er að ræða fjölmenna staði á Norðurlandi eystra á borð við Akureyri og Húsavík eða fámennari og dreifbýlli sveitarfélög og þéttbýlisstaði innan þeirra.

4.4.1. Helstu fyrirtæki og atvinnugreinar

Sveitarfélögin á norðausturhorninu byggja atvinnulíf sitt að stórum hluta á landbúnaði og sjávarútvegi en þjónusta á vegum opinberra aðila og einkaaðila er einnig mikilvæg.

Haft var samband við sveitastjórnarskrifstofur Langesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps til að afla upplýsinga um helstu vinnustaði innan sveitarfélaganna og fjölda starfsmanna. Hafa ber í huga að hér er einungis um áætlaðar tölur að ræða og mögulega vantar einhver fyrirtæki í þessar upptalningar. Gefur þetta því mynd af samsetningu atvinnulífsins og má segja að megin einkennið á því að einn vinnustaður í fiskvinnslu og útgerð er langstærstur á báðum stöðum. Annað sem er mikilvægt í því samhengi er að viðkomandi vinnustaður er jafnframt í eigu stórs sjávarútvegsfyrirtækis sem hefur höfuðstöðvar sínar og megin starfsemi í öðrum landshluta, þ.e. Ísfélag Vestmannaeyja og HB Grandi í Reykjavík. Þannig eru Langesbyggð og Vopnafjarðarhreppur nokkuð viðkvæm þegar kemur að öllum breytingum hjá þessum stóru vinnustöðum eins og nýlega hefur komið á daginn í tilviki HB Granda og fjallað er um að neðan.

Tafla 4: Helstu vinnustaðirnir í Langesbyggð og áætlaður starfsmannafjöldi þeirra í árslok 2018.


Vinnustaður	Um það bil fjöldi starfsmanna
Ísfélag Vestmannaeyja	70 (þessir eru allt árið)
Langesbyggð	60 (að auki 15 slökkviliðsm. v/bakvakta)
BJ vinnuvélar	7
N1	2
Kjörbúðin	5
Heilsugæslan	4
Lyfja	1
Geir ehf. (útgerð)	8
Landsbankinn	3

Tafla 5: Helstu vinnustaðirnir í Vopnafjarðarhreppi og áætlaður starfsmannafjöldi þeirra í árslok 2018.

Helstu vinnustaðir	Um það bil fjöldi starfsmanna
HB Grandi	60
Bílar og vélar	20
Mælifell	10
Vopnafjarðarhreppur	95 (í 65 stöðugildum)
Verslunin Kauptún	5-6
Steiney jarðvinnuverktakar	5-6

Minni aðilar í Vopnafjarðarhreppi eru banki/pósthús, minni verslanir, smábátaútgerðaraðilar og býlin í dreifbýlinu.

Mynd 18 sýnir landaðan afla á Þórshöfn og Vopnafirði á tímabilinu 2001-2017. Þar kemur fram að uppistaða aflans á báðum stöðum er að magni til uppsjávarfiskur. Hefur aflinn verið að aukast á Vopnafirði en á Þórshöfn hefur hann verið að dragast saman. Á báðum stöðum jókst síldar- og makrálafli mikið um miðjan fyrsta áratuginn. Á Þórshöfn hefur landaður botnfiskafli og „annað“ dregist áberandi saman frá aldamótum. Hér er einkum um að ræða samdrátt í kúfiskafli en af honum fiskuðust rúmlega 14.000 tonn árið 2003 en eftir það hefur nánast engu verið landað af honum.



Mynd 18: Landaður afli á Þórshöfn og Vopnafirði 2001-2017 (Hagstofa Íslands, e.d.-e).


Samkvæmt munnlegum upplýsingum hefur Ísfélag Vestmannaeyja, sem er með stóra starfsstöð á Þórshöfn einkum fyrir uppsjávarfisk, lagt áherslu á að veiða og vinna botnfisk milli vertíða á uppsjávarfiski til að tryggja fastráðnu fólki störf á þessum tímabilum. Þetta hefur gefist vel og tryggt ákveðinn stöðugleika á staðnum. Það er hins vegar mjög athyglisvert að sjá mikinn samdrátt á lönduðum uppsjávarfiski á Þórshöfn á undanförunum árum. Þetta segir ekki alla söguna því botnfiski, sem unninn er á Þórshöfn, kann að vera landað annarsstaðar á landinu og ekið til Þórshafnar til vinnslu.

Í tenglum við sérstaka vinnu um framtíð Bakkafjarðar var lagt til að svokallaður sértækur byggðakvóti Byggðastofnunar⁹ á Bakkafirði verði a.m.k. 300 þorskígildistonn frá og með fiskveiðiarinu 2018-2019 (Starfshópur um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa, 2018).

Á Vopnafirði hefur HB Grandi byggt upp mikla uppsjávarfiskvinnslu líkt og Ísfélag Vestmannaeyja hefur gert á Þórshöfn og einnig hefur verið haldið úti botnfiskvinnslu til að brúa bilið fyrir starfsmenn milli vertíða. Hins vegar hefur HB Grandi nýlega sagt upp samtals 16 manns til að hagræða, einkum í þessari botnfiskvinnslu. Þannig vildi til að flestir þessara starfsmanna voru búsettir á Bakkafirði og með erlendan ríkisborgararétt (Fiskifréttir, 2018). Þetta var því enn eitt áfallið fyrir Bakkafjörð enda um stóran hluta starfandi fólks á staðnum að ræða.

Landbúnaður er annar helsti grunnatvinnuvegurinn á norðausturhorninu og er það einkum sauðfjárbúskapur sem stundaður er.

⁹ Skv. 10. gr. laga nr. 116/2006.




Mynd 19: Sauðfjárnú og sauðfjársláturhús í árslok 2017 (Einar Örn Hreinsson og Sigurður Árnason, 2018).

Í árslok 2017 voru samtals 18 býli með sauðfé í Svalbarðshreppi, 15 í Langesbyggð og 28 í Vopnafjarðarhreppi. Stærðarsamsetning býlanna er misjöfn milli sveitarfélaganna sbr. næstu töflu. Í Vopnafjarðarhreppi er mun meira um lítil sauðfjárnú en í hinum hreppunum og þar er ekkert í stærsta flokknum. Samkvæmt viðmælendum gæti mikil fækkun búa verið framundan í Vopnafjarðarhreppi.

Tafla 6: Fjöldi búa með sauðfé eftir stærð í árslok 2017 (Einar Örn Hreinsson og Sigurður Árnason, 2018).

	1-199	200-399	400-599	600+	Samtals
Svalbarðshreppur	4	4	7	3	18
Langesbyggð	6	2	4	3	15
Vopnafjarðarhreppur	15	6	7	0	28

Sauðfjársláturhús á svæðinu eru Fjallalamb á Kópaskeri sem er í eigu bænda á svæðinu og Sláturfélag Vopnafirðinga sem er að hluta til í eigu Kjarnafæðis ehf.




Mynd 20: Mjólkurbú og bú með mjólkurkúr í árslok 2015 (Sigurður Árnason, 2016).

Fjögur nautgripabú voru í Vopnafirði í árslok 2015, þar af var eitt án mjólkurkú. Tvö býli með mjólkurframleiðslu voru með á bilinu 26-50 kúr og eitt með kúr á bilinu 51-75. Samkvæmt gögnum frá MAST var samtals 649 þúsund lítra greiðslumark mjólkur skráð á býli í Vopnafirði árið 2017 eða um 0,4% heildarinnar og hafði dregist saman um 14% frá árinu 2000 á meðan heildar greiðslumark á landinu hefur aukist um 42%. Árið 2000 voru átta býli með greiðslumark en aðeins þrjú árið 2017 („Greiðslumark mjólkur“, e.d.). Næsta afurðastöð fyrir mjólk er á Egilsstöðum. Engin nautgripabú eru staðsett í Langesbyggð eða Svalbarðshreppi.

Samkvæmt viðmælanda á búskapur á svæðinu undir högg að sækja, sérstaklega á Langesströnd og í Vopnafirði. Í Vopnafirði sé til dæmis sauðfjárbúskapur í vanda og orðið erfitt fyrir þá sem eftir eru að sinna þáttum s.s. girðingarmálum og upprekstrarmálum, þetta leiði til þess að fé fari á milli svæða í Svalbarðshreppi, Langesbyggð og Vopnafirði. Þá sé endurnýjun meðal bænda mjög lítil sem vekur spurningar um framtíð atvinnugreinarinnar á svæðinu. Á vissan hátt á það einnig við um kúabúskapinn í Vopnafirði að það eru mjög fá bú eftir sem veldur óvissu um framtíð hans.

Á undanförunum árum hafa fyrirtæki og auðugir einstaklingar keypt upp jarðir í stórum stíl víða um land, ekki síst á norðausturhorninu. Einn umsvifamesti kaupandinn er breski auðkýfingurinn Jim Ratcliffe sem á orðið um 36 jarðir og lóðir í Vopnafirði (Sveinn Arnarsson, 2018). Uppkaup jarða geta haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir byggð í dreifbýli og þéttbýli á

viðkomandi svæðum. Hafa áhyggjuraddir vegna þessarar þróunar gerst æ háværi (Hörður Kristjánsson, 2018a, 2018b, 2018c; Þorsteinn Gunnarsson, 2018). Meðal þess sem gerist er að ef um hlunnindi á borð við laxveiði fylgja jörðum þá nýtast þau ekki lengur til þess að bæta afkomu bænda á þessum jörðum þar sem afkoma í hefðbundnum búskap hefur verið slök oft og tíðum, einkum í sauðfjárrækt. Samdráttur í landbúnaði getur bæði haft neikvæð áhrif í dreifbýlinu og þéttbýli þar sem úrvinnsla afurða fer fram og margvísleg þjónusta við landbúnað og þá sem í dreifbýlinu búa.



Mynd 21: Jarðir á norðaustanverðu landinu sem nýlega hafa verið keyptar af auðmönnum („Landið sem auðmenn eiga“, e.d.).

Kort sem birtist með fréttaskýringu í blaðinu Stundinni, um það sem þar var kallað uppkaup auðmanna á landi, sýnir að margar af þessum jörðum eru staðsettar á norðausturhorninu og því í nágrenni Finnfjarðar. Hluti af kortinu er birt hér að framan.


4.5. Menntunarstig

Í nýlegum þjónustukönnunum Byggðastofnunar var meðal annars spurt um menntunarstig svarenda (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018a, 2018b). Þó að þetta segi ekki alveg beint til um menntunarstig vinnumarkaðarins á svæðinu þá eru það líklega einhver bestu og nýlegustu gögn sem til eru um þessar mundir um stöðu menntunar á mismunandi stöðum landsins. Gögn Hagstofunnar eru ekki greind eftir landsvæðum en fyrir landið allt árið 2017 var menntun


þeirra sem var á aldrinum 25-64 ára þannig að 23% voru með grunnskólapróf, 35% með framhaldsskólapróf og 42% háskólamenntun (Hagstofa Íslands, e.d.-f).

Myndirnar hér að neðan sýna stöðuna og má sjá að það eru heldur færri með háskólamenntun í Langanesbyggð og í Svalbarðshreppi en annarsstaðar í Þingeyjarsýslu eða 18% meðan það er allt að þriðjungur í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi þar sem hlutfallið er hæst. Hlutfall fólks með framhaldsnám er hins vegar nokkuð hærra en á hinum svæðunum eða 58% og með grunnnmenntun er fjórðungur sem er álíka og í Norðurþingi (Mynd 22).

Menntunarstigið í Vopnafjarðahreppi er talsvert frábrugðið Langanesbyggð og Svalbarðshreppi. Þar er hlutfall háskólamenntaðra enn lægra eða aðeins 16% meðan 37% eru með grunnskólapróf og 47% með framhaldsskólapróf. Í samanburði við önnur byggðarlög á Austurlandi er menntunarstig lægst í Vopnafjarðahreppi (Mynd 23).



Mynd 22: Menntunarstig svarenda í Þingeyjarsýslu í þjónustukönnun Byggðastofnunar 2017 (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018a).




Mynd 23: Menntunarstig svarenda á Austurlandi í þjónustukönnun Bygðastofnunar 2017 (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018b).

Samanborið við landsmeðaltal eru því heldur fleiri með grunnskólamenntun og framhaldsskólamenntun á norðausturhorninu en færri með háskólamenntun. Þetta kemur ekki á óvart þegar höfð er hliðsjón af samsetningu atvinnulífsins þar sem áhersla er á frumvinnslu og úrvinnslu. Atvinnutækifæri fyrir fólk með háskólamenntun eru hlutfallslega færri en á fjölmennari vinnumörkuðum og framboð á háskólamenntun sömuleiðis þannig að þetta kemur ekki á óvart.

4.6. Atvinnuleysi

Þegar rýnt er í tölur Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi eftir sveitarfélögum á norðausturhorninu má sjá að þó árstíðabundið atvinnuleysi geti orðið talsvert er það alla jafna ekki mikið. Þetta er þó mismunandi milli sveitarfélaga og frá einu ári til annars. Í Langanesbyggð hefur atvinnuleysi oft verið allmikið í kringum áramót undanfarin ár eða á bilinu 8-12%. Samkvæmt viðmælendum er ástæðan oft sú að sjómenn á vertíðarbátum fara tímabundið á atvinnuleysisbætur um þetta leyti. Atvinnuleysishlutfallið stókk hins vegar upp í um 25% í janúar árið 2017 en sjómenn voru í verkfalli í lok árs 2016 og fram í miðjan febrúar 2017 sem hafði áhrif á atvinnuleysistölur annarra, s.s. í fiskvinnslu (Haukur Már Gestsson, Bjarki Vigfússon og Þór Sigfússon, 2017). Í Vopnafjarðarhreppi hefur atvinnuleysi verið lítið en þó má sjá að nokkurt atvinnuleysi hefur verið um eða upp úr miðjum vetri. Langtímaþróun atvinnuleysis á norðausturhorninu hefur verið nokkuð ólík landsmeðaltalinu enda er atvinnulíf svæðisins fremur einhæft með áherslu á fiskveiðar, fiskvinnslu og landbúnað en þjónusta takmörkuð. Aukning atvinnuleysis var ekki eins áberandi í Langanesbyggð milli áranna 2008 og 2009 og á landinu sem heild. Sú aukning var hins vegar nokkuð sýnileg bæði í

Svalbarðshreppi og í Vopnafjarðarhreppi. Samdráttur á atvinnuleysi á landinu undanfarin ár er ekki í samræmi við þróunina í Langanesbyggð en minnkað atvinnuleysi er sýnilegt í hinum tveimur sveitarfélögunum. Í viðtölum kemur þó fram að mönnum finnst atvinnuástand ágætt á Þórshöfn en hins vegar sé ástandið á Bakkafirði ekki gott og sérstakar aðgerðir í gangi þar til að snúa við neikvæðri samfélags- og atvinnuþróun þar (Nefnd fulltrúa fimm ráðherra um málefni Bakkaflóa, 2018; Starfshópur um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa, 2018).



Mynd 24: Mánaðarlegt atvinnuleysi í sveitarfélögunum á norðausturhorninu og samanburður við landið allt (Vinnumálastofnun, e.d.).

Atvinnulíf svæðisins þróast því í öðrum takti en á landinu sem heild. Gengissveiflur koma t.d. öðruvísi fram á norðausturhorninu þar sem atvinnulíf byggist meira á útflutningi sjávarafurða en á höfuðborgarsvæðinu þar sem innflutningur er mikilvægari.

5. ÞJÓNUSTA

Þjónusta á jaðarsvæðum landsins verður sífellt fábreyttari eftir því sem íbúum fækkar. Þá hefur stefna ríkisins og ýmissa fyrirtækja sem starfa á landsvísu verið sú að skipuleggja þjónustu fyrir stærri svæði og aukin sérhæfing og tæknivæðing s.s. í heilbrigðisþjónustu hefur kallað á stærri einingar. Einnig hefur meiri áhersla verið lögð á þjónustu um netið s.s. bankar og tryggingafélög. Fyrir smærri einkaaðila er erfiðara að halda úti þjónustu s.s. verslun, viðgerðarþjónustu og persónulegri þjónustu þegar notendum fækkar og vegna samkeppni frá öflugri rekstraraðilum í stærra þéttbýli. Vegna þessarar þróunar þarf að sækja ýmsa sérhæfða þjónustu um mislangan veg, s.s. sjúkrahúsþjónustu, sérfræðilækningar, sérsverslanir og ýmislegt fleira sem aðeins þrífst þar sem nægilega mikill fjöldi íbúa er samankominn til að standa undir þjónustunni. Þess vegna er mikilvægt að glöggva sig á því hvert þessi þjónusta er sótt (sjá kafla 5.3) og hvernig aðstæður eru til þess, m.a. samgöngur og vegalengdir (kafla 6.1).

5.1. Þjónusta ríkis og sveitarfélaga, skipulag og framboð


Hér verður fjallað um helstu opinberu þjónustuna, þ.e. heilsugæslu, menntun, félagsþjónustu, afþreyingu, löggæslu og almannavarnir.

Á Heilsugæslustöðinni á Þórshöfn sem tilheyrir starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Norðurlands starfa lækni, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir, læknaþjálfari, ræstingarmenn og sjúkraflutningsmenn. Þar eru viðtalstímar læknis, hjúkrunarfræðings og/eða ljósmóður alla virka daga. Í tengslum við heilsugæslustöðuna er tannlæknaþjónusta sem sinnt er af tannlækni frá Akureyri. Þá er lyfjaafgreiðsla í stöðinni sem er opin alla virka daga. (Heilbrigðisstofnun Norðurlands, e.d.-a). Einnig er heilsugæsla á Rauðarhöfn sem er með takmarkaðri þjónustu, opið er þrjá daga í viku, viðtalstímar hjúkrunarfræðings tvisvar í viku og læknis einu sinni í viku. Lyfjaafgreiðsla er opin þrjá daga í viku. Svipuð þjónusta er í boði á heilsugæslunni á Kópaskeri.

Á heilsugæslunni á Vopnafirði sem tilheyrir umdæmi Heilbrigðisstofnunar Austurlands er öll almenn þjónusta og þar er opið og viðtalstímar læknis alla virka daga. Tannlæknaþjónusta er í boði á staðnum og lyfjabúð sem rekin er af Vopnafjarðarhreppi (Vopnafjarðarhreppur, e.d.).

Langesbyggð er með samstarfssamning við félagsþjónustu Norðurlands um félagsþjónustu, barnavernd, skólaþjónustu og þjónustu við fatlaða. Á svipaðan hátt er Vopnafjarðarhreppur í samstarfi við Fljótsdalshérað um félagsþjónustu. Langesbyggð rekur dvalarheimilið Naust á Þórshöfn í samstarfi við Svalbarðshrepp. Hjúkrunarheimili er á Vopnafirði.


Grunnskólar eru á Þórshöfn og Vopnafirði en skólahald í Svalbarðsskóla var lagt af árið 2014 og á Bakkafirði var kennsla lögð af haustið 2017. Nemendum frá Svalbarðshreppi hefur verið kennt á Þórshöfn en frá Bakkafirði hafa nemendur almennt sótt nám í Vopnafjarðarskóla. Fjöldi nemenda í skólunum hefur frá aldamótum þróast eins og sjá má á eftirfarandi mynd:



Mynd 25: Nemendafjöldi í grunnskólum á norðausturhorninu (Hagstofa Íslands, e.d.-g).

Nemendur voru flestir þetta tímabil árið 2002 eða 211 talsins en hafði fækkað niður í 156 árið 2017. Miklar endurbætur hafa farið fram á húsnæði skólans á Þórshöfn nýlega sem hafa verið kostnaðarsamar en húsnæðið er nú talið mjög gott.

Leikskólar eru tveir á svæðinu; Barnaból í á Þórshöfn og Brekkubær á Vopnafirði og eru rúmlega 20 börn í hvorum skóla um sig. Mikil uppbygging á húsnæði leikskólans á Þórshöfn hefur farið fram nýlega.



Mynd 26: Barnafjöldi í leikskólum í Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppi (Hagstofa Íslands, e.d.-h).

Leikskólabörn á svæðinu voru flest 82 árið 2004 en hefur fækkað, sérstaklega eftir árið 2009 og voru 47 árið 2017.

Á Þórshöfn og Vopnafirði eru rekin útibú frá Framhaldsskólanum á Laugum þar sem nemendur geta tekið fyrsta ár framhaldsskólastigs með dreifnámsfyrirkomulagi. Nemendur fara um fjórðu hverju viku í námslotur á Laugum.

Á Þórshöfn er útibú frá Þekkingarneti Þingeyinga. Það er staðsett í Menntasetrinu á Þórshöfn og er þar námsver með sólarhringsaðgengi, fjarfundabúnaður, kennslustofa og vinnuaðstaða fyrir 3-5 nemendur (Þekkingarnet Þingeyinga, e.d.). Nemendur í dreifnámi frá Framhaldsskólanum á Laugum geta því sinnt sínu námi þar. Á Vopnafirði er ein starfsstöðva Austurbrúar og þar er meðal annars staðsett framhaldsdeildin frá Framhaldsskólanum á Laugum sem stofnsett var árið 2016 (Austurbrú, 2016).

Langanesbyggð rekur íþróttamiðstöð á Þórshöfn sem var tekin í notkun árið 1999. Þar er innisundlaug, þreksalur og íþróttasalur. Á Vopnafirði er einnig mjög góð aðstaða til íþróttar, meðal annars íþróttamiðstöð, knattspyrnuvöllur, sparkvöllur með gervigrasi og sundlaug í nágrenni bæjarins.

Lögreglustöð er á Þórshöfn sem tilheyrir Lögreglunni á Norðurlandi eystra. Vopnafjörður heyrir undir embætti Lögreglustjórans á Austurlandi og þar er einnig rekið útibú frá sýsluskrifstofu landshlutans.

Sveitarfélögin á norðausturhorninu eru aðilar að tveimur almannavarnanefndum; Almannavarnanefnd Þingeyinga og Almannavarnanefnd Múlapings (Ríkislögreglustjórnin, e.d.).

Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur reka sveitarstjórnarskrifstofur fyrir yfirstjórn og almenna þjónustu sveitarfélaganna. Nánar verður fjallað um fyrirkomulag stjórnsýslu í kafla 7.

5.2. Framboð á þjónustu einkaaðila

Á Þórshöfn eru til staðar ýmsir grunnþjónustubættir einkaaðila og heldur fleiri á Vopnafirði enda fer framboðið fyrst og fremst eftir íbúafjölda á viðkomandi stað. Löng vegalengd til stærri þéttbýlisstaðar sem hefur meiri þjónustugetu getur einnig valdið því að meiri þjónusta þrífist. Í viðauka er yfirlit yfir þjónustubætti eftir þéttbýlisstöðum árið 2014 samkvæmt greiningu Bygðastofnunar. Á Þórshöfn töldust vera 19 þjónustubættir af 58 mögulegum og 27 á Vopnafirði (Árni Ragnarsson, 2017).

Á Bakkafirði er sáralítill þjónusta eftir, lítið meira en sjálfsafgreiðsla fyrir eldsneyti, og til að mynda hefur ekki gengið þrautalaust að halda þar úti verslun á undanförunum árum eins og eftirfarandi upptalning ber með sér (Starfshópur um málefni byggðarinnar við Bakkafloa, 2018):


- 1936-1996, Kaupfélag Langnesinga.
- 1996 - janúar 2001, Lónið ehf. (verslunarrekstur á Þórshöfn og Bakkafirði).
- Mars 2001 - desember 2002, Sjafnarkjör.
- Apríl 2003 - desember 2006, útibú Kaupþúns á Vopnafirði (í desember 2006 var einnig lokað afgreiðslu Íslandspósts sem rekin var með versluninni).
- Janúar 2007 - október 2008, verslunin Tangi.
- Desember 2008 - nóvember 2016, verslunin Mónakó.

Samkvæmt ofangreindri upptalningu virðist augljóst að ekki eru viðskiptalegar forsendur til að halda úti verslunarrekstri á staðnum. Nú þarf að sækja dagvöruverslun, heilsugæslu, pósthús og bankaðjónustu til Þórshafnar (44 km, þ.a. 27 km á mól) eða til Vopnafjarðar (34 km).

Í tenglum við sértæka vinnu um framtíð Bakkafjarðar var lagt til að áttak yrði gert til að auka þjónustu á staðnum með einskonar þjónustukjarna¹⁰ með fjárhagslegum stuðningi ríkisins í samstarfi við aðra (Starfshópur um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa, 2018).

5.3. Þjónustusókn (kannanir Byggðastofnunar)


Þjónustusókn á landinu hefur verið rannsökuð af Byggðastofnun, þ.e. hvert fólk í mismunandi landshlutum sækir sér þjónustu. Í Langesbyggð og Svalbarðshreppi var þriðjungur þjónustunnar sóttur til fyrirtækja og stofnana á Þórshöfn, um fjórðungur til Akureyrar, um 9% til Húsavíkur, rúm 14% til höfuðborgarsvæðisins og um 3% til Egilsstaða.



Mynd 27: Þjónustusókn íbúa í Svalbarðshreppi og Langesbyggð (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018a).

Áhugavert er hve þjónustusókn íbúa í Langesbyggð og Svalbarðshreppi er mikil til Akureyrar. Þeir sóttu hlutfallslega mun meiri þjónustu til Akureyrar en til Húsavíkur þótt hún sé nær.

¹⁰ Fyrirmynd þessa er svokallaður Blábanki á Þingeyri sem er þjónustu- og nýsköpunarmiðstöð. Þar er haldið utan um nokkra þjónustupætti og tengsl við þjónustuaðila, m.a. sinnt bankaþjónustu fyrir Landsbankann, aðstoð og tengingu við þjónustu Ísafjarðarbæjar, tekið á móti erindum og fyrirspurnum vegna þjónustu og starfsemi Verkalýðsfélags Vestfjarða. Þá er veitt aðstaða fyrir samveru, lestur, sköpun eða vinnu.



Mynd 28: Þjónustusókn íbúa í Vopnafjarðarhreppi (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018b).

Vopnfirðingar eru meira sjálfum sér nógir en íbúar Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps. Þátttakendur í könnuninni í Vopnafirði sóttu um 51% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á staðnum. Rúmlega 19% þjónustunnar var sótt til Akureyrar, 14% til höfuðborgarsvæðisins og 8% til Egilsstaða.


Þannig má sjá að það er nokkur munur á milli byggðarlaganna á norðausturhorninu sem líklega tengist því að Vopnafjörður er fjölmennari og þar er þjónustuframboðið meira. Einnig hefur Vopnafjörður um langt skeið verið einn af þeim stöðum landsins sem vegna samgangna og fjarlægðar hefur þurft að vera sjálfum sér nógur um þjónustu að verulegu leyti. Talsvert meira er sótt til Egilsstaða frá Vopnafjarðarhreppi en frá Langanesbyggð og Svalbarðshreppi.

6. INNVIÐIR

Norðausturhornið er hér um bil eins langt frá höfuðborgarsvæðinu og hægt er að komast¹¹. Þá er langt til annarra megin byggðarkjarna, s.s. Akureyrar, Húsavíkur og Egilsstaða. Innviðir sem tengja svæðið við staði nær og fjær eru sérstaklega mikilvægir fyrir þróun þess. Hér verður sjónum einkum beint að samgöngukerfinu og flutnings- og dreifikerfi raforku en ástand og þróun þessara innviða svæðisins hafa verið mjög í deiglu. Þá verður einnig horft til fasteigna en markaðsbrestur hefur verið á fasteignamarkaði víða á landsbyggðinni um langt árabil.

6.1. Samgöngukerfi

Mynd 29 sýnir grunnnet samgöngukerfisins eins og það var samkvæmt samgönguáætlun 2011-2022. Sjá má að tenging norðausturhornsins við Akureyri með flugi er einn af grundvallarpáttum kerfisins en Flugfélagið Norlandair flýgur alla virka daga milli Akureyrar, Þórshafnar og Vopnafjarðar. Flug þetta er styrkt samkvæmt samgönguáætlun (Alþingi, nr. 149. löggjafarþing 2018–2019. Þingskjal 173 — 172. mál. Stjórnartillaga.).



Mynd 29: Grunnnet samgangna samkvæmt samgönguáætlun 2011-2022 (Alþingi, nr. 149. löggjafarþing 2018–2019. Þingskjal 173 — 172. mál. Stjórnartillaga.).

¹¹ 622 km Reykjavík-Þórshöfn um hringveg og Húsavík; 636 km Reykjavík-Bakkafjörður um hringveg og Vopnafjörð; 605 km Reykjavík-Vopnafjörður um hringveg.

Tafla 7 sýnir vegalengdir milli staðanna á norðausturhorninu og til helstu staða sem íbúar þessara staða þurfa að sækja sér þjónustu. Ljóst er að það kostar bæði mikla fyrirhöfn og tíma fyrir íbúana að ferðast þær vegalengdir sem um ræðir.

Tafla 7: Vegalengdir milli staðanna á norðausturhorninu og til annarra staða þangað sem einkum er sótt þjónusta (Vegagerðin, e.d.).

	Þórshöfn	Bakkafjörður	Vopnafjörður	Aths.
Þórshöfn	-	44	69	27 km eru á malarslitlagi
Bakkafjörður	44	-	34	
Vopnafjörður	69	34	-	
Húsavík	159	201	188	
Egilsstaðir	197	162	131	
Akureyri	234	248	217	
Reykjavík	622	636	605	

Mikið hefur áunnist í vegagerð á svæðinu á undanförunum árum og má þar einkum nefna veginn frá hringvegi og niður í Vopnafjörð sem lokið var árið 2013 og nýjan veg um Hófaskarðsleið milli Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar sem opnaður var árið 2010. Þrátt fyrir þetta liggja fyrir framkvæmdir á svæðinu sem eru brýnar. Líklega er það Brekknaheiði og Langesströnd milli Þórshafnar og Bakkafjarðar sem stendur þar upp úr. Þar er enn malarslitlag á 27 km kafla sem mikilvægt er að endurnýja. Vaðlaheiðargöng breyta talsverðu fyrir norðausturhornið þar sem vegalengdin um hringveg stýttist um 16 km og ófærð á Víkurskarði verður ekki lengur til að hamla för. Þessar breytingar eru mikilvægar vegna þess að Akureyri er mikilvæg miðstöð þjónustu fyrir norðausturhornið eins og fram hefur m.a. komið í þjónustukönnunum Byggðastofnunar (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018b, 2018a). Þá er skipulag heilla landshluta í opinberri þjónustu sífellt meira með þeim hætti að miðstöðvar slíkrar þjónustu þurfa að vera aðgengilegar fyrir íbúa þjónustusvæðisins (Heilbrigðisstofnun Norðurlands, e.d.-b; Sjúkrahúsið á Akureyri, e.d.).

Banaslys hafa orðið á veginum um Brekknaheiði s.s. við einbreiða brú á Geysisrófu árið 2001 og vegurinn lagfærður í tengslum við það en aldrei hefur verið gengið nógu hreint til verks að mati viðmælanda sem finnst þetta hafa dregist allt of mikið og kostað byggðina mikið að ýmsu leyti. Við gerð samanburðarrannsóknar á slysátíðni einstakra kafla á þjóðvegum árið 2012 kom í ljós að vegurinn um Brekknaheiði var þá með hæstu slysátíðni allra vegakafla á landinu (Þóroddur Bjarnason og Sveinn Arnarsson, 2012).

Samkvæmt tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023 er gert ráð fyrir að hefja endurnýjun vegarins um Brekkaheiði á árinu 2023 (Alþingi, nr. 149. löggjafarþing 2018–2019. Þingskjal 173 — 172. mál. Stjórnartillaga.)¹².

Uppbygging vegarins var tekin fyrir í vinnu nefndar um málefni Bakkafjarðar og þar var lagt til að settir yrðu viðbótarfjármunir í samgönguáætlun ásamt fé af viðhaldslið til að ljúka lagningu bundins slitlags á Langanesströnd 2018-2019 og að varanlegri vegagerð um Brekkaheiði verði lokið 2019-2021 (Starfshópur um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa, 2018).

6.2. Dreifi- og flutningskerfi raforku


Raforkukerfið á norðausturhorninu er veikt og veldur skortur á flutningsgetunni meðal annars því að ekki er hægt að rafvæða fiskbræðslur á svæðinu.



Mynd 30: Flutningskerfi raforku á norðausturhorninu (Landsnet, e.d.).

Flutningskerfi Landsnets á svæðinu samanstendur af Kópaskerslínu, 66 kV línu frá Laxá til Kópaskers og Vopnafjarðarlínu sem einnig er 66 kV og liggur frá Eyvindará á Héraði til Vopnafjarðar. Þannig er hvorki hringtenging á svæðinu, þ.e. svokallað N-1 raforkuöryggi né nóg framboð af raforku.

¹² Í samgönguáætluninni kemur fram að um sé að ræða 7,6 km kafla en ekki heildarvegalengdina.



Mynd 31: Dreifikerfi RARIK á norðausturhorninu (RARIK, e.d.-a).

Milli Vopnafjarðar og Kópaskers tekur við dreifikerfi RARIK. Frá Kópaskeri til Þórshafnar liggur 33 kV lína sem annar tæplega þeirri orkuþörf sem er núna og hamlar frekari uppbyggingu á svæðinu (Rúnar Snær Reynisson, 2018b). Þannig brennir bræðslan á Þórshöfn svartolíu og rafvæðing bræðslunnar strandar á of veikburða raflínu. Mengar verksmiðjan meira en starfsleyfi kveður á um en ekki hefur verið skipt út svartolíu fyrir gasolíu sem myndi draga úr mengun. Slíkt myndi auka kostnað og rekstraraðilar telja að verksmiðjan yrði þá ekki eins samkeppnishæf og þess er vænst að stjórnvöld bæti flutningskerfi raforku á svæðinu svo hægt verði að rafvæða verksmiðjuna (Rúnar Snær Reynisson, 2018a).

Þriggja fasa rafmagn sem lagt hefur verið í jörð er þó til að mynda í Finnafirði þannig að staðan er betri þar en víða í dreifbýli þar sem er aðeins eins fasa rafmagn.

Talið er að mögulega þyrfti að leggja nýja línu til Þórshafnar frá Héraði um Vopnafjörð. Einnig er talið að til greina komi að virkja en virkjanakostir á þessu svæði eru í biðflokki Rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um að Landsnet opni nýjan afhendingarstað á Þórshöfn og frekari uppbygging norðan Kópaskers og Vopnafjarðar er ekki inni í kerfisáætlun Landsnets (Rúnar Snær Reynisson, 2018c). Forstjóri RARIK telur að til að bæta raforkuöryggi og framboð á norðausturhorninu þurfi að byggja 130 kV hring frá Héraði um Vopnafjörð, til Þórshafnar og þaðan í Kópasker og spennuhækka línuna þaðan í Laxá eða Þeistareyki en að það sé kostnaðarsöm framkvæmd (Rúnar Snær Reynisson, 2018c).

6.3. *Nettengingar og fjarsímasamband*

Líkt og víða í dreifbýli vantar nokkuð á að ljósleiðarasamband sem komið til notenda í dreifbýli á norðausturhorninu og notast þarf við nettengingar í gegnum 3G eða 4G kerfið. Hér verður þó ekki farið í kortlagningu á því hvar nákvæmlega ljósleiðari er í boði og hvar ekki. Sumstaðar háttar þó þannig til að ljósleiðari liggur mjög nálægt mögulegum notendum s.s. Felli í Finnafirði en ekki hefur verið boðið upp á að einstakir bæir s.s. þessi bær geti tengst kerfinu og getur það verið bagalegt fyrir íbúana s.s. í tengslum við ferðaþjónustu sem þar er rekin.


6.4. Fasteignir

Um talsvert langan tíma hefur verið svokallaður markaðsbrestur á fasteignamarkaði á norðausturhorninu líkt og víða á landsbyggðinni en við slíkar aðstæður er verð húsnæðis langt undir byggingarkostnaði sem leiðir til þess að nýtt húsnæði verður ekki byggt. Meðalkaupverð á fermetra í sérbýli á Þórshöfn og Vopnafirði hefur undanfarin tvö ár verið um það bil helmingur af verðinu á Norðurlandi eystra að meðaltali (Tafla 8). Ekki hafa verið seldar nógu margar eignir á Bakkafirði til að verð sé gefið upp hjá Þjóðskrá. Talsverð eftirspurn er eftir húsnæði til leigu en lítið framboð.

Tafla 8: Meðalverð á fermetra sérbýlis 1. janúar 2016 – 6. desember 2018 (Þjóðskrá Íslands, e.d.).

	Meðalverð á fermetra	Hlutfall af Norðurlandi eystra
Þórshöfn	102.244	45%
Vopnafjörður	115.391	51%
Akureyri	283.273	125%
Höfuðborgarsvæðið	357.354	157%

Talsvert er um að fasteignir séu í eigu annarra en heimamanna eins og víðar á landsbyggðinni, s.s. brottfluttra og annarra, og notaðar sem frístundahús. Einnig mun samkvæmt viðmælendum vera nokkuð um að erlendir ríkisborgarar hafi fest kaup á húsnæði s.s. á Bakkafirði.



Mynd 32: Meðalverð á fermetra á Þórshöfn, Bakkafirði og Vopnafirði 2010-2018 (Þjóðskrá Íslands, e.d.).

Árið 2011 var hafist handa við að byggja sex íbúðir á Þórshöfn en það voru fyrstu húsin sem byggð voru í 15 ár og síðan átti að gera aðrar sex íbúðir árið 2013 (Líney Sigurðardóttir, e.d.; RÚV, e.d.) en félagið sem vann að framkvæmdinni varð síðan gjaldþrota og búið er að finna því húsnæði önnur not skv. munnlegri heimild.

Verðþróun húsnæðis á svæðinu á undanförunum árum hefur verið sveiflukennd, samanber myndina að framan en hafa ber í huga að aðeins 12 sölur eru á bakvið þessa mynd en engu að síður er merkilegt hversu miklar breytingar urðu á milli áranna 2014 og 2016. Hvað sem má draga miklar ályktanir af þessu má allavega sjá að verð hafi heldur hækkað á tímabilinu þótt brokkgenget sé.

7. OPINBER STJÓRNSÝSLA

Í þessum kafla verður sjónum beint að stjórnsýslu sveitarfélaganna á norðausturhorninu og samstarfsverkefnum sem þau eiga í. Ekki síst verður athyglinni beint að skipulagsmálum sem eru í lykilhlutverki hvað varðar undirbúning og þróun stórra verkefna á borð við Finna fjörðarverkefnið. Einnig verður greint frá skipulagi á stjórnsýslu ríkisins á þessu svæði. Fjallað verður um mörk stjórnsýslunnar eins og þau eru í dag og hvaða áhrif það hefur að norðausturhornið er á mörkum tveggja svæða; Norðurlands eystra og Austurlands sem voru kjördæmi um nokkurra áratuga skeið sem m.a. átti sinn þátt í að móta mörk þjónustu og stjórnsýslu hins opinbera.

7.1. Stjórnsýsla ríkisins

Stjórnsýsla á vegum ríkisvaldsins er ekki umfangsmikil á svæðinu en norðausturhornið skiptist á milli embætta. Langesbyggð og Svalbarðshreppur tilheyra í flestu Norðurlandi eystra og Vopnafjarðarhreppur tilheyrir Austurlandi. Sveitarfélögin eru þó öll í Norðausturkjördæmi síðan 1999¹³.


Lögreglustöð er á Þórshöfn sem heyrir undir embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra sem er með höfuðstöðvar á Akureyri. Vopnafjörður heyrir undir embætti Lögreglustjórans á Austurlandi sem er með höfuðstöðvar á Eskifirði.

Langesbyggð og Svalbarðshreppur eru á starfssvæði Sýslumannsins á Norðurlandi eystra sem er með aðal aðsetur á Húsavík. Vopnafjörður heyrir undir embætti Sýslumannsins á Austurlandi sem er með aðal aðsetur á Seyðisfirði en á Vopnafirði er rekið útibú frá sýsluskrifstofu landshlutans.

Vegagerðin er meðal þeirra ríkisstofnana þar sem norðausturhornið skiptist á milli Norðursvæðis og Austursvæðis í skipuriti stofnunarinnar samanber myndina að neðan. Hvert svæði um sig annast framkvæmdir, viðhald og rekstur vegakerfisins og sér um að veita vegfarendum þjónustu innan þess („Aðalskipulag Vegagerðarinnar“, e.d.). Starfsstöð er á Vopnafirði þar sem tveir vinna og þrír eru á starfsstöð á Þórshöfn.

RARIK er á svipaðan hátt og Vegagerðin með starfsstöðvar á Þórshöfn og Vopnafirði skv. heimasíðu en ekki eru upplýsingar um mönnun þeirra (RARIK, e.d.-b).

¹³ En þó var fyrst kosið skv. þessari kjördæmaskiptingu 2003.



Mynd 33: Svæðaskipulag Vegagerðarinnar („Aðalskipulag Vegagerðarinnar“, e.d.).

7.2. Stjórnsýsla sveitarfélaga

Langanesbyggð rekur sveitarstjórnarskrifstofu á Þórshöfn. Hlutvert skrifstofunnar er að veita íbúum og stofnunum þjónustu og að vera tengiliður við fyrirtæki og stofnanir innan og utan sveitarfélagsins. Þar starfa fjórir starfsmenn við bókhald, starfsmannahald, launagreiðslur, fjármálastjórn, áætlanagerð, innheimtu, álagningu gjalda og almenna afgreiðslu og upplýsingagjöf.

Á Vopnafirði er sveitarstjórnarskrifstofa sem sér um stjórnsýslu fyrir Vopnafjarðarhrepp og þar vinna fimm manns en þjónusta er einnig keypt af einkaaðilum, svo sem starfsemi byggingarfulltrúa og ýmis sérfræðivinna.

Stjórnsýsla Svalbarðshrepps er í höndum oddvita hreppsins hverju sinni en enginn eiginlegur skrifstofurekstur er þar.

Samstarf sem sveitarfélögin eiga í við önnur sveitarfélög er nokkuð fjölbreytt og á vissan hátt má líta á þau sem hluta af stærri heild sem eru landshlutasamtök sveitarfélaga sem eru frjáls félagasamtök sem er m.a. ætlað að gæta sameiginlegra sveitarfélaga skv. lögum. Hins vegar lítur ríkisvaldið í auknum mæli til samtakanna sem samnefnara sveitarfélaganna á starfssvæði

sínu og beinir þangað ábyrgð á verkefnum sem sinna skal á landshlutagrunnvelli, s.s. sóknaráætlunum landshluta, atvinnuþróun og almenningssamgöngum (Hjalti Jóhannesson og Arnar Þór Jóhannesson, 2017). Langesbyggð og Svalbarðshreppur eru í Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Vopnafjarðarhreppur er hins vegar í Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi (SSA). Þá er skipulag landshlutasamtakanna talsvert ólíkt þar sem búið er að sameina alla þjónustu sveitarfélaganna á Austurlandi undir einn hatt sem er Austurbrú. Á Eyþingssvæðinu er umfang landshlutasamtakanna hins vegar mun minna og eru rekin tvö sjálfstæð atvinnuþróunarfélög; Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga sem sinnir m.a. Langesbyggð og Svalbarðshreppi.


Tvær sameiningar sveitarfélaga hafa átt sér stað á svæðinu og báðar í Langesbyggð. Þannig sameinaðist Sauðneshreppur Þórshafnarhreppi árið 1994 og síðan sameinaðist Skeggjastaðahreppur Þórshafnarhreppi árið 2006 og til varð sveitarfélagið Langesbyggð. Sú sameining var yfir mörk landshlutasamtaka og svæðisskiptingu landshluta Hagstofunnar þar sem Skeggjastaðahreppur tilheyrði Austurlandi. Að mati sumra viðmælenda hefur sú sameining ekki skilað miklum árangri og sumir hafa skellt sök á sameiningu hvað varðar gengi byggðarinnar í fyrrum Skeggjastaðahreppi, einkum í hluta hans, Bakkafirði. Þrátt fyrir að mikið samstarf sé á milli Langesbyggðar og Svalbarðshrepps (sjá kafla 5.1) þá hefur ekki verið rætt um sameiningu sveitarfélaganna að neinu marki. Ástæðan er einkum sú, samkvæmt viðmælendum, að Svalbarðshreppur á talsverðar eignir í formi jarða og tilheyrandi laxveiðiréttinda sem íbúar vilja ekki missa yfirráð yfir.

Samkvæmt viðmælendum hefur heldur ekki hefur komið til tals í neinni alvöru að sameina Langesbyggð og Vopnafjarðarhrepp. Slíkt hefur þó aðeins borið á góma, ef Finnafjarðarverkefnið þróast áfram og vísuðu þeir þá í þá staðreynd að gagnvart fjárfestum í álframleiðslu á Austurlandi var sameining sveitarfélaganna í Fjarðabyggð ákveðin forsenda fyrir því að það verkefni varð að veruleika (Hjalti Jóhannesson o.fl., 2010). Sveitarstjórnarstigið á fjörðunum hafi við það sýnt nægilegan styrk til að vera trúverðugt í tengslum við skipulagsgerð og nauðsynlega stjórnsýslu og þjónustu. Varðandi Vopnafjörð sérstaklega þá nefndu viðmælendur að sveitarfélagið og samfélagið allt hafi um langan tíma verið nokkuð afskekkt landfræðilega og samgöngulega og þannig eigi sjálfstæði sveitarfélagsins sér sögulegar skýringar.

7.3. Rekstur og afkoma sveitarfélaga


Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga virðist rekstur sveitarfélaganna á norðausturhorninu almennt hafa verið viðunandi á undanförunum árum. Þannig hefur hlutfall

skulda sveitarfélaganna af skatttekjum verið að lækka mikið á undanförunum árum eins og eftirfarandi mynd ber með sér. Þar eru birtar tölur um samantekin reikningsskil sveitarfélaganna sem þýðir að rekstur stofnana sveitarfélaganna er meðtalinn. Afkomubati Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggðar er greinilegur hvað þennan mælikvarða varðar og voru sveitarfélögin öll með skuldahlutfall á bilinu 52-75% árið 2017.



Mynd 34: Skuldahlutfall sveitarfélaganna á norðausturhorninu (samantekin reikningsskil) 2005-2017 (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.).


Hvað varðar þróun tekna og útgjalda á sama tímabili (verðlag hvers árs) þá má sjá á næstu mynd að breytingar hafa verið nokkrar og sveiflukenndar hjá stærri sveitarfélögunum.



Mynd 35: Tekjur og gjöld sveitarfélaganna á norðausturhorninu (samantekin reikningsskil) 2005-2017 (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.).


Þá er einnig athyglisvert að tekju- og útgjaldaþróun Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps fylgjast ekki að. Þannig hækkuðu bæði tekjur og útgjöld Langanesbyggðar kringum 2008 meðan lítið breyttist í Vopnafjarðarhreppi. Hins vegar verður mikil aukning á Vopnafirði milli ára 2012 og 2014 á meðan tekjur og útgjöld Langanesbyggðar breytast mun minna. Ástæðan er líklega sú að HB Grandi stóð í milli uppbyggingu á fiskvinnslu sinni á Vopnafirði á þessum árum. Hvað Langanesbyggð varðar þá tengist afkomuþróun sveitarfélagsins einnig þróun sjávarútvegsins því árið 2004 stóðu Þórshafnarhreppur og Svalbarðshreppur að kaupum á Hraðfrystistöð Þórshafnar af Samherja. Árið 2006 var Hraðfrystistöðin svo seld í hendur Ísfélags Vestmannaeyja („Ísfélag Vestmannaeyja kaupir Hraðfrystistöð Þórshafnar“, 2006).

Skatttekjur sveitarfélaganna þriggja á norðausturhorninu á hvern íbúa voru árið 2017 talsvert yfir landsmeðaltali sem var 769 þús. kr. Samsetning atvinnulífsins í sveitarfélögunum hefur líklega talsverð áhrif á tekjur þeirra, þannig eru tekjur Langanesbyggðar á íbúa hæstar en vægi sjávarútvegs er hæst þar. Í Svalbarðshreppi einkennist atvinnulífið af sauðfjárrækt þar sem atvinnutekjur hafa almennt verið lágar. Í Vopnafirði er atvinnulífið blandaðra sem líklega endurspeglast að einhverju leyti í tekjum sveitarfélagsins. Þá hefur aðkoma Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga mikil áhrif á tekjurnar.




Mynd 36: Skatttekjur sveitarfélaganna á norðausturhorninu árið 2017, kr. á íbúa (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.).

Samsetning tekna sveitarfélaganna er nokkuð mismunandi. Hlutfall útsvars af skatttekjum sveitarfélaganna er hæst 54% í Vopnafjarðarhreppi en hlutfall Jöfnunarsjóðs af heildartekjum er einnig hátt og nær það að vera rétt tæpur helmingur skatttekna Svalbarðshrepps.



Mynd 37: Helstu útgjaldaliðir (málaflokkar) sveitarfélaganna á norðausturhorninu árið 2017, kr. á íbúa (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.).

Þegar litið er til útgjalda sveitarfélaganna þriggja má sjá að fræðslu- og uppeldismál eru útgjaldasamasti málaflokkurinn eins og gjarnan er hjá sveitarfélögum. Þessi málaflokkur er rétt um helmingur útgjalda þessara sveitarfélaga.



Mynd 38: Nokkrir minni málaflokkar sveitarfélaganna á norðausturhorninu árið 2017, kr. á íbúa (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.).

Aðrir þrír málaflokkar eru meðal þeirra stærstu, þ.e. sameiginlegur kostnaður (yfirstjórn), æskulýðs- og íþróttamál og félagsþjónusta. Hver um sig eru þessir málaflokkar með á bilinu 4-15% útgjaldanna í sveitarfélögunum þremur.

Nokkrir minni málaflokkar, sem sjá má á myndinni að framan, eru með á bilinu 14-19% útgjalda sveitarfélaganna þriggja. Hins vegar, þegar litið er til útgjaldanna í kr. á íbúa, þá kemur fram afar mikill munur á útgjöldunum sem eru langminnst í Svalbarðshreppi, en eðli málsins samkvæmt er þjónusta og rekstur fábreyttari í fámennum dreifbýlissveitarfélögum. Þá er einnig afar misjafnt hversu miklu er varið til einstakra málaflokka en vera kann að útgjöld séu eitthvað mismunandi skráð á milli sveitarfélaganna þrátt fyrir að samræming á bókhaldi þeirra eigi að lágmarka hættuna á slíku. Þá skal einnig hafa í huga að sveitarfélögin reka suma þjónustu í samstarfi við aðra sem getur haft áhrif á útgjöld einstakra málaflokka og að í smærri málaflokkum getur verið talsverður munur á útgjöldum milli ára, allt eftir því hvaða verkefni „eru í gangi“ t.d. í skipulagsmálum, umhverfismálum eða umferðar- og samgöngumálum.

7.4. Skipulagsáætlanir

Í gildi er aðalskipulag Langesbyggðar 2007-2027 sem sveitarstjórn samþykkti til auglýsingar í júlí 2010. Ýmsar breytingar voru gerðar á aðalskipulaginu eftir nokkrar umsagnir og ábendingar. Svo uppfært var skipulagið samþykkt af sveitarstjórn og loks staðfest af umhverfis- og auðlindaráðherra 18. júlí 2013 (Teikn, ráðgjöf og hönnun, 2013b). Mikilvægur hluti aðalskipulagsins varðar áform sveitarfélagsins um uppbyggingu stórskipahafnar og athafnasvæðis við Finnaðar, en það og almennt aukin hafnsækin starfsemi séu helstu sóknarfæri Langesbyggðar. Framtíðarsýn skipulagsins gerir ráð fyrir mikilli íbúafjölgun. Gengið er út frá því að fjölgun beinna starfa vegna Finnaðarverkefnisins geti orðið allt að 1.500¹⁴ auk afleiddra starfa eða samtals um 3.000 störf. Ennfremur kemur fram í greinargerð skipulagsins að með markvissri og fjölskylduvænni uppbyggingu verði stuðlað að því að sem flestir starfsmenn taki sér fasta búsetu í sveitarfélaginu. Markmið skipulagsins er að íbúum Þórshafnar og Bakkafjarðar fjölgi og að heildar íbúafjöldi sveitarfélagsins verði a.m.k. 3.500 í lok skipulagstímabilsins 2027. Skipulagshöfundar telja að fjölgunin gæti orðið meiri, í allt að 5.500 íbúum, ef öll markmið og forsendur skipulagsins gangi eftir¹⁵. Því er gert ráð fyrir stórum nýjum svæðum fyrir íbúðarbyggð í skipulaginu.

Í gildi er deiliskipulag af tveimur svæðum á Þórshöfn, þ.e. af athafnasvæði við Langholt og hafnasvæðinu. Meðal athugasemda sem fram komu við aðalskipulagið var að með því að setja inn í skipulagið áætlun um Finnaðarverkefnið væri verið að binda hendur annarrar landnotkunar með svo stóru verkefni að ætla mætti að það gæti ekki orðið að veruleika innan skipulagstímabilsins.

Í aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006-2026 er ekki vísað til áætlana um stórskipahöfn og athafnasvæði í Finnaðar sem er þó vissulega staðsett í grenndinni. Skipulagið er meira að segja unnið af sama skipulagsráðgjafa og aðalskipulag Langesbyggðar.

Viðmælendur töldu mikilvægt að uppfæra aðalskipulag beggja sveitarfélaganna vegna þeirra hugmynda sem uppi eru um nýtingu Finnaðar fyrir höfn og hafnsækna starfsemi.

Samkvæmt viðmælendum hefur ekkert verið rætt um sérstakt svæðisskipulag í tengslum við Finnaðarverkefnið en skv. 1. mgr. skipulagslaga er svæðisskipulag skilgreint sem „Skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra

¹⁴ 800 störf í olíuhreinsunarstöð, 200 í öryggis- og þjónustuhöfn, 200 í þyrluþjónusta og flugstarfsemi, 200 í átöppunarverksmiðja gass og 100 í umskipunarhöfn fyrir Norðurslóðasiglingar.

¹⁵ Þar af var gert ráð fyrir um 1.000 íbúum á Bakkafirði.

hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga“ („Skipulagslög: 123/2010“, e.d.). Samkvæmt laganna hljóðan gæti verið ástæða til að gera svæðisskipulag í kringum jafn stórt verkefni og Finnafjarðarverkefnið er. Þrátt fyrir að Finnafjörður sé aðeins innan Langesbyggðar þá er ljóst að áhrif af verkefninu myndu verða umtalsverð á stærra svæði. Langesbyggð og Vopnafjarðarhreppur eru hins vegar í samstarfi við önnur sveitarfélög í sitt hvorum landshlutanum um svæðisskipulag, sem þau eiga misjafnlega mikið sameiginlegt með hvað landnotkun varðar.

Viðmælendur sem hafa komið að undirbúningi Finnafjarðarverkefnisins sögðu að rætt hafi verið um að næsta skref í skipulagsmálum vegna Finnafjarðarverkefnisins verði líklega rammaskipulagsgerð. Rammahluti aðalskipulags er „sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru ákveðin afmörkuð svæði sveitarfélagsins með það að markmiði að ákvarða nánar landnotkun, svo sem um meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana“ („Skipulagslög: 123/2010“, e.d.).

Ljóst er að taka þarf skipulagsmál svæðisins til gagn Gerrar endurskoðunar, bæði aðalskipulag Langesbyggðar og mögulega einnig rammaskipulag fyrir Finnafjörð. Líklega þarf einnig við endurskoðun aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps að hafa hliðsjón af Finnafjarðarverkefninu þar eð verkefnið mun einnig hafa áhrif þar. Einnig kann að vera að rétt sé að huga að gerð svæðisskipulags sem tekur a.m.k. til Langesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps.

8. UM SAMFÉLAGIÐ OG SAMFÉLAGSANDANN

Hér verður stuttlega fjallað um eitt og annað sem varðar einkenni samfélagsins og andann í því eftir því sem viðtöl og aðrar heimildir í þessari athugun gefa vísbendingar um þessa hluti.

Elías Pétursson, sveitarstjóri Langesbyggðar, sagði í viðtali við Viðskiptablaðið 2016 að „það versta sem við höfðum verið að lenda í hér á Íslandi er að búa til svo miklar væntingar að heil samfélög frjósi og allir fari að bíða eftir því að eitthvað stórt gerist“ (Trausti Hafliðason, 2016). Samkvæmt viðtölum hefur verið lögð áhersla á að vekja ekki slíkar væntingar. Þá virðist einnig vera lítil umræða um Finnafjarðarverkefnið meðal íbúa á svæðinu og að þeir viti ekki mikið um verkefnið eða um gang mála í undirbúningi þess. Sumum viðmælendum þykir vera lítið samráð við heimamenn vegna Finnafjarðarverkefnisins. Þá virðast íbúar trúa mátulega mikið á að verkefnið verði nokkurn tíma að raunveruleika og séu þess vegna frekar rólegir gagnvart því. Atvinnuástand sem má almennt teljast ágætt á svæðinu fyrir utan Bakkafjörð gæti valdið því að ekki er verið að bíða eftir því að „eitthvað stórt“ komi sem skapi störf fyrir fólkið með tilheyrandi væntingum, líkt og tilfellið var á Austurlandi á árunum áður en álverið var reist þar (Hjalti Jóhannesson o.fl., 2010). Þrátt fyrir að atvinnulífið sé þannig að atvinnuleysi sé frekar lítið – og þannig mælt sé ástandið viðunandi – þá vanti að mati íbúanna einhverja sérstöðu á svæðið á borð við fiskeldi á Vestfjörðum, eitthvað sem getur nært vöxt samfélagsins. Kallað er eftir að ríkisvaldið þurfi að ákveða hvað eigi að skapa á norðausturhorninu sem leiði af sé grósku í samfélaginu, helst eitthvað sem höfðar til ungs fólks.

Líklega var sveitarstjórinn að vísa til reynslunnar frá Austurlandi í tilvitnuninni í upphafi þessarar efnisgreinar en þótt líklega sé rétt að stilla væntingum í hóf má spyrja hvort ekki sé ástæða til að augin opin umræða eigi sér stað um jafn stórt mál og hér um ræðir.

Langesbyggð virðist hafa markast nokkuð af átökum á undanförunum árum. Má nefna tíð meirihlutaskipti í sveitarstjórn á síðasta kjörtímabili og trúnaðarrest sem meðal annars tengdist Finnafjarðarverkefninu. Samstaða er mikilvæg, ekki síst þegar ákvarðanir um jafn mikilvæg málefni standa fyrir dyrum.

Vopnafjörður hefur verið samgöngulega og landfræðilega afmarkaður um langan tíma og er á vissan hátt lokaðra samfélag og meira sjálfu sér nógt um þjónustu en Langesbyggð og Svalbarðshreppur sem leita meira út fyrir svæðið með slíkt. Meira virðist vera um að ungt fólk ættað af staðnum sækir í að hverfa til baka til Vopnafjarðar og meðal þess sem sótt er í séu umhverfisgæði. Meiri þjónusta sé meðal þess sem fólk kallar eftir og einhæfni atvinnulífs veldur vandræðum og erfiðleikum fyrir ungt fólk við að koma sér heim aftur þótt það vildi.

Slæmt ástand er á Bakkafirði, meðal annars í atvinnumálum og þjónusta er þar nær engin eftir. Þetta hefur leitt til þess að ríkisstjórnin hefur samþykkt að grípa til aðgerða til stuðnings byggðarlaginu sem hafa verið fjármagnaðar og byggðin nú skilgreind sem brothætt. Í þessari skýrslu hefur verið fjallað um einstaka þætti þessa vanda byggðarlagsins. Tillögur seinni nefndarinnar sem vann að málinu má sjá í viðauka (Langanesbyggð, 2018). Vonbrigði virðast hafa verið með sameiningu Skeggjastaðahrepps og Þórshafnar árið 2006 sem þykir ekki hafa tekist sérlega vel og sumir hafa skellt skuldinni að einhverju leyti á sameininguna. Loforð sem gefin voru fyrir sameiningu stóðust ekki og sum var í raun ekki sveitarstjórnarmanna að gefa eða efna s.s. um samgöngubætur. Nokkuð virðist vanta upp á samstöðu í byggðarlaginu og hluti af vandanum gæti verið sá að bakgrunnur íbúanna er mjög mismunandi og þannig vanti forsendur til að mynda þá samstöðu sem nauðsynleg er fyrir aðsteðjandi áskoranir. Bakkafjörður sé, að því er virðist, ekki spennandi staður fyrir Íslendinga því útlendingar sækja meira í staðinn til búsetu. Að vanti til dæmis alla þjónustu á staðinn sé fráhrindandi og ólíklegt að ung t fólk vilji setjast þar að við þessar aðstæður.

Á ýmsan hátt hækkar það flækjustigið að norðausturhornið og Finnafjarðarverkefnið skuli vera á mörkum tveggja svæða; Norðurlands eystra og Austurlands. Það getur valdið því að erfiðara sé halda utan um og stýra þróun verkefna á borð við Finnafjarðarverkefnið. Norðausturhornið, eins og það er skilgreint í þessari skýrslu, tilheyrir tveimur stjórnsýslu- eða þjónustuumdæmum í ýmsum málaflokkum s.s. lögregluumdæmum, sýslumannsembættum, heilbrigðiseftirliti, heilbrigðisumdæmum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, atvinnuþróun, sóknaráætlunum landshluta og kirkjusóknum. Minni stuðningur er við Finnafjarðarverkefnið frá Austurlandi og er það meðal annars talið vera vegna samkeppni Finnafjarðarverkefnisins við Mjóeyrarhöfn. Það er sú höfn sem Austfirðingar hafa sameinast um að yrði fyrir valinu sem umskipunarhöfn verði af íshafssiglingum og tengdi starfsemi í framtíðinni (Fjarðabyggð, 2008).

Uppkaup auðmanna á jörðum á norðausturhorninu virðist valda nokkru umróti. Ólík sjónarmið komu fram hjá viðmælendum um það hvort þetta komi niður á andanum í samfélaginu og samstöðu íbúanna. Í raun voru ekki margir sem vildu tjá sig mikið um þetta. Hvað sem því líður þá munu þessi uppkaup líklega leiða til breytinga á nýtingu jarða og búsetu á þeim þegar fram líða stundir og breyta þannig búsetumynstri og atvinnulífi á svæðinu.

9. SAMANTEKT

Finnafjarðarverkefnið felst í að kynna og undirbúa stórskipahöfn í Finnafirði sunnan Langaness. Það er á svæði við Finnafjörð sem er skilgreint sem blanda iðnaðar-, athafna- og landbúnaðarsvæðis í aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027. Alls eru afmarkaðir 6,3 km í aðalskipulaginu undir hafnarkanta en þróunarsvæðið er alls 167 hektarar. Stórir vinnustaðir af mismunandi tegundum eru áformaðir. Verkefnið hefur verið í þróun síðan skipulagið var samþykkt og áætlanir að breytast.

Byggðin sem Finnafjarðarverkefninu er ætlað að eiga sér stað í er fámenn og afskekkt í búsetumynstri landsins í dag og hefur átt undir högg að sækja. Verkefnið er stórvaxið og frábrugðið því sem fólk gæti búist við að ætti sér stað á þessum slóðum.

Í skýrslunni er norðausturhornið notað yfir sveitarfélögin Langanesbyggð, Svalbarðshrepp og Vopnafjarðarhrepp. Þar bjuggu samtals 1.228 manns 1. janúar 2018 og hefur fækkað um 226 frá 2001 eða um 16%. Eftir 2008 dró úr fækkun. Vel gekk í sjávarútvegi og sterk fyrirtæki á því sviði eru með starfsstöðvar á Þórshöfn og Vopnafirði. Á Bakkafirði er hrins vegar mikill vandi. Íbúum hefur fækkað um helming frá 2001. Fleiri hafa flutt frá sveitarfélögunum á svæðinu en til þeirra á tímabilinu frá 2001. Straumur erlendis frá til Langanesbyggðar er áberandi og vegur að hluta upp flutninga til annarra staða innanlands. Búferlaflutningar breyta samsetningu mannfjöldans. Þeir sem flytja hafa ekki sömu sömu samsetningu og heildin. Hlutfall erlendra ríkisborgara er 15% í Langanesbyggð en var 7% fyrir efnahagshrunið 2008.

Vinnumálastofnun áætlar vinnumarkaðinn á svæðinu vera um 700 manns en var 813 árið 2001. Nánast samfelld vinnusóknarsvæði er á milli Þórshafnar og Vopnafjarðar. Bakkaheiði skilur að vinnusóknarsvæðin. Í könnun kom fram að um 40% svarenda í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi sóttu vinnu út fyrir sitt búsetusvæði en 17% í Vopnafjarðarhreppi. Tekjur hafa verið nálægt landsmeðaltali í Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppi en lægri í Svalbarðshreppi. Tekjur á svæðinu hækkuðu minna en að meðaltali á landinu í aðdraganda efnahagshrunsins 2008. Vegna góðs gengis í sjávarútvegi hækkuðu þær álíka mikið og landsmeðaltal eftir 2008. Lágur tekjur í Svalbarðshreppi tengjast afkomu í sauðfjárbúskap. Stærstu vinnustaðirnir; Ísfélagið á Þórshöfn og HB Grandi á Vopnafirði eru í eigu sjávarútvegsfyrirtækja með höfuðstöðvar í öðrum landshlutum. Þessir staðir eru viðkvæmir fyrir breytingum hjá þessum stóru vinnustöðum. Uppistaða sjávarafla á stöðunum er uppsjávarfiskur sem hefur aukist á Vopnafirði en á Þórshöfn hefur dregist saman. Milli vertíða hefur verið áhersla á veiðar og vinnslu botnfisks til að tryggja fastráðnu fólki vinnu. Nýlega var 16 manns í svona störfum á Vopnafirði sagt upp. Nánast allir voru erlendir ríkisborgarar,

búsettir á Bakkafirði. Samtals var 61 sauðfjárbú á norðausturhorninu í árslok 2017. Sauðfjárbú í Vopnafjarðarhreppi eru minni en í hinum hreppunum og virðist fækkun þeirra vera framundan. Sauðfjársláturhús eru á Kópaskeri og í Vopnafirði. Fjögur nautgripabú voru í Vopnafirði í árslok 2015, þar af var eitt án mjólkurkúa. Búum með mjólkurkvóta hefur fækkað í þrjú úr átta árið 2000. Næsta afurðastöð fyrir mjólk er á Egilsstöðum. Á undanförunum árum hafa fyrirtæki og einstaklingar keypt upp fjölda jarða á svæðinu. Þar af á einn aðili um 36 jarðir og lóðir í Vopnafirði. Áhyggjur eru um þetta geti meðal annars hraðað samdrætti í landbúnaði og valdið neikvæðum áhrifum í dreifbýli og nærliggjandi þéttbýli.

Um 18% eru með háskólamenntun í Langesbyggð og Svalbarðshreppi samanborið við um þriðjung í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi. Um 58% er með framhaldsnám sem er hátt og fjórðungur með grunnmenntun sem er álíka og í Norðurþingi. Í Vopnafjarðarhreppi er hlutfall háskólamenntaðra 16% meðan 37% eru með grunnskólapróf og 47% með framhaldsskólapróf. Samanborið við landsmeðaltal er hlutfall grunn- og framhaldsskólamenntunar hærra á norðausturhorninu en hlutfall háskólamenntunar lægra. Þetta kemur ekki á óvart miðað við ríkjandi frumvinnslu- og úrvinnsluatvinnugreinar. Atvinnutækifæri fyrir háskólamenntaða eru því ekki ýkja mörg. Atvinnuleysi á norðausturhorninu getur orðið nokkuð um miðjan vetur en er alla jafna ekki mikið. Ástand atvinnumála á Bakkafirði er slæmt og undantekning á svæðinu.

Þjónusta á jaðarsvæðum tengist fækkun íbúa. Þá hefur stefna ríkisins og fyrirtækja sem starfa á landsvísi verið sú að skipuleggja þjónustu fyrir sífellt stærri svæði. Þá hefur aukin sérhæfing og tæknivæðing s.s. í heilbrigðisþjónustu kallað á stærri einingar. Norðausturhornið er engin undantekning og þarf að sækja sjúkrahúsaþjónustu og sérfræðilækningar, sérsverslanir og fleira um langan veg. Heilsugæsla Heilbrigðisstofnunar Norðurlands er á Þórshöfn og á vegum Heilbrigðisstofnunar Austurlands á Vopnafirði. Grunn- og leikskólar og ágæt íþróttastaða er á Þórshöfn og Vopnafirði. Skólar hafa verið lagðir af í Svalbarðshreppi og á Bakkafirði og sameinaðir grunnskólanum á Þórshöfn. Deild frá Framhaldsskólanum á Laugum er á Þórshöfn og Vopnafirði og útibú frá Þekkingarneti Þingeyinga er á Þórshöfn og frá Austurbrú á Vopnafirði. Samstarf er við önnur sveitarfélög um félagslega þjónustu, skólaþjónustu, þjónustu við fatlaða og fleira. Á Þórshöfn eru ýmsir grunnþjónustubættir einkaaðila. Heldur meiri fjölbreytni er á Vopnafirði, líklega vegna meiri vegalengdar til stærri þéttbýlisstaða og fleiri íbúa. Nánast engin þjónusta er eftir á Bakkafirði. Ekki hafa verið viðskiptalegar forsendur til að halda þar úti verslun. Í Langesbyggð og Svalbarðshreppi er þriðjungur þjónustu sótt til fyrirtækja og stofnana á Þórshöfn og um fjórðungur til Akureyrar. Vopnafirðingar sækja um 51% þjónustu til fyrirtækja og stofnana á staðnum og um fimmtung til Akureyrar.

Innviðir sem tengja svæðið innbyrðis og út á við eru sérstaklega mikilvægir vegna þess hve það er afskekkt. Flogið er alla virka daga milli Þórshafnar, Vopnafjarðar og Akureyrar. Flugðið er ríkisstyrkt. Nýr vegur var gerður frá hringvegi í Vopnafjörð 2013 og Hófaskarðsleið milli Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar var lokið 2010. Vaðlaheiðargöng stytta leiðina til Akureyrar um 16 km. Brýnar framkvæmdir eru Brekknaheiði og Langanesströnd milli Þórshafnar og Bakkafjarðar. Malarslitlag er á 27 km kafla. Uppbygging vegarins var tekin fyrir í nefndum um málefni Bakkafjarðar. Lagt var til að ljúka lagningu bundins slitlags á Langanesströnd 2018-2019 og varanlegri vegagerð um Brekknaheiði 2019-2021. Raforkukerfi er veikt og skortur á flutningsgetu hamlar rafvæðingu fiskbræðsla sem brenna svartolíu í staðinn. Ekki er hringtenging á svæðinu, þ.e. N-1 raforkuöryggi. Þriggja fasa rafmagn hefur verið lagt í jörð víða í sveitum. Nokkuð vantar upp á að íbúar í dreifbýli geti tengt sig við ljósleiðara. Meðalkaupverð á fermetra í sérbýli á Þórshöfn og Vopnafirði hefur undanfarin tvö ár verið um helmingur af verði á Norðurlandi eystra. Markaðsbrestur er á fasteignamarkaði sem leiðir til þess að nýtt húsnæði er ekki byggt. Húsnæði í boði selst og eftirspurn er eftir húsnæði til leigu en lítið framboð. Verðþróun húsnæðis hefur verið sveiflukennd.

Norðausturhornið skiptist á milli embætta í stjórnsýslu ríkisins. Langanesbyggð og Svalbarðshreppur tilheyra í flestu Norðurlandi eystra en Vopnafjarðarhreppur Austurlandi. Sveitarfélögin eru öll í norðausturkjördæmi frá 1999. Sveitarfélögin eiga í samstafi við önnur sveitarfélög og á vissan hátt eru þau þannig hluti af stærri heild. Langanesbyggð og Svalbarðshreppur eru í Eyþingi. Vopnafjarðarhreppur er hins vegar í Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi (SSA). Skeggjastaðahreppur sameinaðist Þórshafnarhreppi 2006 og til varð Langanesbyggð. Sameining sveitarfélaganna þriggja á norðausturhorninu hefur ekki verið á döfinni. Rekstur sveitarfélaganna hefur verið viðunandi og hlutfall skulda af skatttekjum lækkað mikið. Tekjur og útgjöld Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps á íbúa hafa hækkað meira en í Svalbarðshreppi sem endurspeglar atvinnutekjurnar í sveitarfélögunum. Skatttekjur sveitarfélaganna á hvern íbúa voru talsvert yfir landsmeðaltali árið 2017.

Segja má að aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 hverfist um Finnafjarðarverkefnið. Framtíðarsýn gerir ráð fyrir allt að 5.500 íbúafjölgun í lok skipulagstímabilsins ef markmið og forsendur skipulagsins gangi eftir, eða í raun að nýtt samfélag verði til í Langanesbyggð. Í aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 sem unnið var af sama skipulagsráðgjafa er ekki minnst á stórskipahöfn og athafnasvæði í Finnafirði sem má þó teljast vera steinsnar frá Vopnafirði.

Stefnt er að því að næsta skref í skipulagsmálum á svæðinu sé gerð rammahluta aðalskipulags Langanesbyggðar fyrir Finnafjarðarsvæðið. Svo virðist sem full ástæða sé til að taka

skipulagsmál svæðisins til frekari skoðunar og skoða hvort ástæða sé til að uppfæra aðalskipulag og huga að gerð svæðisskipulags þar sem Finnafjarðarverkefnið mun snerta stærra svæði en Langanesbyggð þar sem það er staðsett.

Sveitarfélögin hafa lagt áherslu á að vekja ekki miklar væntingar um Finnafjarðarverkefnið. Samkvæmt viðtölum sem tekin voru virðist lítil umræða vera um verkefnið meðal íbúa á svæðinu. Íbúar virðist ekki vita ekki mikið um verkefnið og séu jafnvel mátulega trúðir á það. Þokkalegt atvinnuástand á svæðinu, fyrir utan Bakkafjörð, gæti valdið því að ekki eru miklar væntingar meðal íbúa. Þau sjónarmið heyrast þó að eitthvað sem nært geti vöxt á svæðinu, skapi því sérstöðu og auðveldi ungu fólki að setjast þar að væri æskilegt, án þess að sérstaklega sé verið að vísa til Finnafjarðarverkefnisins í því sambandi.

Verði Finnafjarðarverkefnið að veruleika, eins og því hefur verið líst, bæði í aðalskipulagi Langanesbyggðar eða samkvæmt nýrri hugmyndum sem birtar voru í kafla 2 má ætla að nýtt og breytt samfélag blasi við á norðausturhorninu sem sé ólíkt því sem líst hefur verið í þessari skýrslu. Hvernig það samfélag verður er erfitt um að segja en ljóst er þó að grundvallarbreyting yrði á mannfjölda, samsetningu hans og bakgrunni. Þá myndi þjónusta, ýmsir innviðir og afleidd starfssemi á svæðinu breytast. Annars eru áformin um verkefnið að ýmsu leyti óljós og margt á eftir að breytast í heimsmyndinni eins og við þekkjum hana, svo sem vegna loftslagsbreytinga sem eru helsta undirrótin að Finnafjarðarverkefninu. Ljóst er þó að vegna umfangs verkefnisins munu ýmsar samfélagslegar áskoranir mæta samfélaginu á svæðinu og í raun íslensku samfélagi í víðara samhengi.

HEIMILDASKRÁ

Aðalskipulag Vegagerðarinnar. (e.d.). Sótt 16. janúar 2019 af <http://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina/skipurit-og-yfirstjorn/>

Alþingi. *Tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023.* , No. 149. löggjafarþing 2018–2019. Þingskjal 173 — 172. mál. Stjórnartillaga.

Austurbrú. (2016, 19. september). Framhaldsskóladeild opnuð á Vopnafirði. Sótt 8. desember 2018 af <http://www.austurbru.is/is/frettir/framhaldsskoladeild-opnud-a-vopnafirdi>

Árni Ragnarsson. (2017). *Stöðugreining 2017, Byggðapróun á Íslandi*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt 20. september 2018 af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2017-04-06a.pdf>

Einar Örn Hreinsson og Sigurður Árnason. (2018). *Dreifing sauðfjár á Íslandi miðað við haustásetning 2017*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/saudfe/dreifing-saudfjar-haustid-2017.pdf>

Faxaflóahafnir. (e.d.). Lengdir hafnarbakka. Reykjavík, Grundartangi, Akranes og Borgarnes. Sótt 25. september 2018 af <https://www.faxafloahafnir.is/hafnarthjonusta/lengdir-hafnarbakka/>

Fiskifrétir. (2018, 30. október). HB Grandi segir upp fólki á Vopnafirði. Sótt 20. desember 2018 af <http://www.fiskifrettir.is/frettir/hb-grand-segir-upp-folki-vopnafirdi/150617/>

Fjarðabyggð. (2008). *Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027*. Fjarðabyggð: Fjarðabyggð.

Greiðslumark mjólkur. (e.d.). Sótt af <http://www.mast.is/upplysingar-fyrir/baendur/greidslumarkmjolkur/?info=1>

Hagstofa Íslands. (e.d.-a). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2018 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2018. Sótt 27. júní 2018 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelo-g/MAN02005.px

Hagstofa Íslands. (e.d.-b). Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 2011-2018. Sótt 27.

júní 2018 af

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnar/MAN03106.px/

Hagstofa Íslands. (e.d.-c). Búferlaflutningar eftir sveitarfélögum og kyni 1986-2017. Sótt 27.

júní 2018 af

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__buferlaflutningar__buferlaflinnanlands__buferlaflinnanlands/MAN01201.px/

Hagstofa Íslands. (e.d.-d). Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi, aldri og ríkisfangi 1998-2017.

Sótt 17. ágúst 2018 af

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Rikisfang/MAN04208.px/

Hagstofa Íslands. (e.d.-e). Afli og aflaverðmæti eftir fisktegund og löndunarhöfn 1982-2017.

Sótt 14. desember 2018 af

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__sjavarutvegur__aflatolur__londunarhafnir/SJA09042.px/

Hagstofa Íslands. (e.d.-f). Mannfjöldi 25-64 ára eftir menntunarstöðu og stöðu á

vinnnumarkaði samkvæmt ISCED 2011 menntunarflokkuninni 2003-2017. Sótt 15.

janúar 2017 af

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__5_menntunarstad_a/SKO00003.px/

Hagstofa Íslands. (e.d.-g). Grunnskólanemendur eftir bekkjum og skóla 2001-2017. Sótt 4.

september 2018 af

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__2_grunnskolestig__0_gsNemendur/SKO02102.px/

Hagstofa Íslands. (e.d.-h). Börn og leikskólar í desember 1998-2017. Sótt 7. desember 2028 af

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__0_lsNemendur/SKO01000.px/

Haraldur Guðmundsson. (2017, 5. september). Funduðu með kínverskum skiparisa um

Finnafjarðarverkefnið. *Vísir*. Reykjavík. Sótt 15. ágúst 2018 af

<http://www.visir.is/g/2017170909468>

Haukur Már Gestsson, Bjarki Vigfússon og Þór Sigfússon. (2017). *Mat á þjóðhagslegum*

kostnaði verkfalls sjómanna. Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Sótt

17. desember 2018 af [https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-](https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/2017/170210-Mat-a-thjodhagslegum-kostnadi-verkfalls-sjomanna---SKYRSLA.pdf)

[media/media/2017/170210-Mat-a-thjodhagslegum-kostnadi-verkfalls-sjomanna---](https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/2017/170210-Mat-a-thjodhagslegum-kostnadi-verkfalls-sjomanna---SKYRSLA.pdf)

[SKYRSLA.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/2017/170210-Mat-a-thjodhagslegum-kostnadi-verkfalls-sjomanna---SKYRSLA.pdf)

Heilbrigðisstofnun Norðurlands. (e.d.-a). Heilsugæslan Þórshöfn. Sótt 7. desember 2018 af

<https://www.hsn.is/husavik/starfsstodvar/thorshofn>

Heilbrigðisstofnun Norðurlands. (e.d.-b). Sagan. Sótt 16. janúar 2019 af

<https://www.hsn.is/is/um-hsn/sagan>

Hjalti Jóhannesson og Arnar Þór Jóhannesson. (2017). *Sameining Eyþings og*

atvinnuþróunarfélaganna á Norðurlandi eystra. Akureyri: Rannsóknamiðstöð

Háskólans á Akureyri. Sótt 17. janúar 207e.Kr. af

https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2017/sameining_eythings_atv_throunarfela-ga-loka.pdf

Hjalti Jóhannesson, Enok Jóhannsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Kjartan Ólafsson, Sigrún

Sif Jóelsdóttir og Valtýr Sigurbjarnarson. (2010). *Rannsókn á samfélagsáhrifum*

álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Rannsóknarrit nr. 9: Lokaskýrsla –

stöðulýsing í árslok 2008 og samantekt yfir helstu áhrif 2002-2008. Akureyri:

Byggðarannsóknastofnun. Sótt af

<https://www.dropbox.com/preview/ESPON%20BRIDGES%20External/4.%20Refere>

nces%20(folder%20for%20file%20transfers)/Samfelagsahrif_alvers_og_virkjunar_A-landi_lokaskýrsla_2010.pdf?role=personal

Hjalti Jóhannesson og Halldór Jóhannsson. (2013). *Tækifæri Íslands á norðurslóðum*.

Greining fyrirbyggjandi gagna um málefni tengd norðursiglingum, umskipunarhöfnum og þjónustu við olíuleit og námavinnslu. Unnið í samstarfi við Arctic Portal.

Akureyri: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Sótt 6. febrúar 2019 af

https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2013/Tackifaeri_Islands_Nordurslodum_RHA-2013.pdf

Hörður Kristjánsson. (2018a, 21. júní). Við verðum að koma böndum á þetta, við erum að

missa landið úr höndum okkar. *Bændablaðið*. Sótt 27. nóvember 2018 af

<https://www.bbl.is/frettir/frettir/vid-verdum-ad-koma-bondum-a-thetta-vid-erum-ad-missa-landid-ur-hondum-okkar/20151/>

Hörður Kristjánsson. (2018b, 25. júní). Ætti að vera í lögum að banna erlendum aðilum

fjöldakaup á jörðum á Íslandi. *Bændablaðið*. Sótt 27. nóvember 2018 af

<https://www.bbl.is/frettir/frettir/aetti-ad-vera-i-logum-ad-banna-erlendum-adilum-fjoldakaup-a-jordum-a-islandi-/20161/>

Hörður Kristjánsson. (2018c, 24. júlí). Búseta verði áfram tryggð til sveita við sölu á

bújörðum. *Bændablaðið*. Sótt 27. nóvember 2018 af

<https://www.bbl.is/frettir/frettir/busetta-verdi-afra-tryggd-til-sveita-vid-solu-a-bujordum/20248/>

Ísfélag Vestmannaeyja kaupir Hraðfrystistöð Þórshafnar. (2006, 23. desember). *Mbl.is*. Sótt

21. janúar 2019 af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1121096/>

Landið sem auðmenn eiga. (e.d.). Sótt 25. janúar 2019 af <https://stundin.is/grein/7368/>

Landsnet. (e.d.). Landsnet. Sótt 21. desember 2018 af <https://www.map.is/landsnet/>

Langanesbyggð. (2018, 23. nóvember). Tillögur til stuðnings Bakkafirði samþykktar í

ríkisstjórn. Sótt 10. desember 2018 af [https://www.langanesbyggd.is/is/um-](https://www.langanesbyggd.is/is/um-langanesbyggd/frettir/tillogur-til-studnings-bakkafirdi-samthykktar-i-rikisstjorn)

[langanesbyggd/frettir/tillogur-til-studnings-bakkafirdi-samthykktar-i-rikisstjorn](https://www.langanesbyggd.is/is/um-langanesbyggd/frettir/tillogur-til-studnings-bakkafirdi-samthykktar-i-rikisstjorn)

- Líney Sigurðardóttir. (e.d.). Fólki er orðið langeygt eftir betri tíð. *Morgunblaðið*. Sótt 9. desember 2018 af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1466324/>
- Magnfríður Júlíusdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Karlsdóttir. (2013). Gendered migration in turbulent times in Iceland. *Norsk Geografisk Tidsskrift - Norwegian Journal of Geography*, 67(5), 266–275. doi:10.1080/00291951.2013.847483
- Nefnd fulltrúa fimm ráðherra um málefni Bakkaflóa. (2018). *Málefni byggðarinnar við Bakkaflóa. Skýrsla nefndar fulltrúa fimm ráðherra um málefni Bakkaflóa*. Reykjavík: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Sótt 10. janúar 2019 af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a55143c0-f4b7-11e8-942f-005056bc530c>
- RARIK. (e.d.-a). Dreifikerfi. Sótt 21. desember 2018 af <https://www.rarik.is/dreifikerfi>
- RARIK. (e.d.-b). Starfsstöðvar. Sótt 16. janúar 2019 af <https://www.rarik.is/fyrirtaekid/fyrirtaekid/starfsstodvar>
- Ríkislögreglustjórinn. (e.d.). Almanna- og sveitarstjórnarnefndir. Sótt 7. desember 2018 af <https://www.almannavarnir.is/almannavarnir/almannavarnarnefndir/>
- Ríkisskattstjóri. (e.d.). Álagning einstaklinga. Sótt 20. júní 2018 af <https://www.rsk.is/fagadilar/stadtolur-skatta/alagning-einstaklinga/nr/267>
- Rúnar Snær Reynisson. (2018a, 12. febrúar). Ísfélagið fær ekki rafmagn og mengar of mikið. Sótt 21. desember 2018 af <http://www.ruv.is/frett/isfelagid-faer-ekki-rafmagn-og-mengar-of-mikid>
- Rúnar Snær Reynisson. (2018b, 17. desember). Vindver gætu bætt úr orkuskorti við Langanes. Sótt 21. desember 2018 af <http://www.ruv.is/frett/vindver-gaetu-baett-ur-orkuskorti-vid-langanes>
- Rúnar Snær Reynisson. (2018c, 17. desember). Rafvæðing á Þórshöfn kallar á línu frá Héraði. Sótt 21. desember 2018 af <http://www.ruv.is/frett/rafvaeding-a-thorshofn-kallar-a-linu-fra-heradi>

RÚV. (e.d.). Uppbygging á Þórshöfn. *Ríkisútvarpið*. Sótt af

<http://www.ruv.is/frett/uppbygging-a-thorshofn>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). Talnaefni. Sótt 18. janúar 2019 af

<http://www.samband.is/verkefningin/verkstur-sveitarfelaga/talnaefni/>

Sigríður Elín Þórðardóttir. (2018a). *Þjónustukönnun Norðurland eystra*. Sauðárkrókur:

Byggðastofnun. Sótt 8. desember 2018 af

<https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun2018/6-nordurland-eystra-loka.pdf>

Sigríður Elín Þórðardóttir. (2018b). *Þjónustukönnun Austurland*. Sauðárkrókur:

Byggðastofnun. Sótt 8. desember 2018 af

<https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun2018/4-austurland-loka.pdf>

Sigurður Árnason. (2016). *Dreifing nautgripa á Íslandi*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt

18. september 2018 af

<https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/nautgripaerakt.pdf>

Sigurður Árnason, Einar Örn Hreinsson og Guðmundur Guðmundsson. (2018). *Atvinnutekjur*

2008-2016 eftir atvinnugreinum og svæðum. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt 4.

október 2018 af

<https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Atvinnutekjur/atvinnutekjur-2008-2016.pdf>

Sjúkrahúsið á Akureyri. (e.d.). Um Sjúkrahúsið. Sótt 16. janúar 2019 af

<https://www.sak.is/is/um-fsa>

Skipulagslög: 123/2010. (e.d.). Sótt 16. janúar 2019 af

<https://www.althingi.is/lagas/148c/2010123.html>

Starfshópur um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa. (2018). *Málefni Bakkaflóa. Tillögur*

starfshóps til ríkisstjórnar Íslands. Reykjavík: Alþingi. Sótt 1. október 2018 af

https://www.langanesbyggd.is/static/files/frettir/Bakkafj.2018/malefni-bakkafjardar-greinargerð_lokaskjal.pdf

Stjórnarráð Íslands. (2014, 20. maí). Samstarfssamningur um undirbúning framkvæmda í

Finnafirði undirritaður í Ráðherrabústaðnum. Sótt 15. ágúst 2018 af

[https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-](https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2014/05/20/Samstarfssamningur-um-undirbuning-framkvaemda-i-Finna-firði-undirritadur-i-Raðherrabustadnum/)

[frett/2014/05/20/Samstarfssamningur-um-undirbuning-framkvaemda-i-Finna-firði-undirritadur-i-Raðherrabustadnum/](https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2014/05/20/Samstarfssamningur-um-undirbuning-framkvaemda-i-Finna-firði-undirritadur-i-Raðherrabustadnum/)

Sveinn Arnarsson. (2018, 20. nóvember). Ratcliffe herðir tókin á jörðum í Vopnafirði.

Fréttablaðið. Sótt 27. nóvember 2018 af [https://www.frettabladid.is/frettir/ratcliffe-](https://www.frettabladid.is/frettir/ratcliffe-herir-toekin-a-joerum-i-vopnafiri)

[herir-toekin-a-joerum-i-vopnafiri](https://www.frettabladid.is/frettir/ratcliffe-herir-toekin-a-joerum-i-vopnafiri)

Teikn, ráðgjöf og hönnun. (2013a). *Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027. Greinargerð*

og umhverfisskýrsla. Akureyri: Langanesbyggð. Sótt 15. ágúst 2018 af

<http://www.langanesbyggd.is/static/files/documents/samthykkt-adalskipulag-2007-2027.pdf>

Teikn, ráðgjöf og hönnun. (2013b, 31. mars). Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027,

sveitarfélagsuppráttur. Akureyri: Teikn, ráðgjöf og hönnun. Sótt 15. ágúst 2018 af

<http://www.langanesbyggd.is/static/files/documents/skipulagsmal/dreifbyli.pdf>

Trausti Hafliðason. (2016, 2. mars). Beðið eftir stjórnvöldum. Viljayfirlýsing um byggingu

stórskipahafnar í Finnafirði í Bakkaflóa er klár til undirritunar. *Viðskiptablaðið*. Sótt

15. ágúst 2018 af [http://www.vb.is/frettir/bedid-efst-](http://www.vb.is/frettir/bedid-efst-stjornvoldum/127279/?q=Bremenport)

[stjornvoldum/127279/?q=Bremenport](http://www.vb.is/frettir/bedid-efst-stjornvoldum/127279/?q=Bremenport)

Vegagerðin. (e.d.). Vegalengdir. Sótt 21. júní 2018 af

<http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegalengdir/>

Vinnumálastofnun. (e.d.). Atvinnuleysistölur í excelskjöllum, Greining á atvinnuleysistölum

eftir bakgrunni. Sótt 19. júní 2018 af [https://www.vinnumalastofnun.is/um-](https://www.vinnumalastofnun.is/um-okkur/tolfraedi-og-utgefing-efni/atvinnuleysistolur-i-excelskjolum)

[okkur/tolfraedi-og-utgefing-efni/atvinnuleysistolur-i-excelskjolum](https://www.vinnumalastofnun.is/um-okkur/tolfraedi-og-utgefing-efni/atvinnuleysistolur-i-excelskjolum)

Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir. (2010, október). Búferlaflutningar kvenna.

Þjóðarspejillinn. Rannsóknir í félagsvísindum XI: Viðskiptafræðideild, 235–242.

Vopnafjarðarhreppur. (e.d.). Heilsugæsla. Sótt 7. desember 2018 af

<https://www.vopnafjardarhreppur.is/Thjonusta/Heilbrigdisthjonusta>

Þekkingarnet Þingeyinga. (e.d.). Starfssvæði. Sótt 8. desember 2018 af

<http://www.hac.is/starfssvaedi/>

Þjóðskrá Íslands. (e.d.). Kaupverð íbúða. Sótt 9. desember 2018 af

<https://verdsja.skra.is/#/kaupverd>

Þorsteinn Gunnarsson. (2018, 31. ágúst). Benz eða bújörð. *Bændablaðið*. Sótt 27. nóvember

2018 af <https://www.bbl.is/frettir/skodun/lesendabasin/benz-eda-bujord/20387/>

Þóroddur Bjarnason og Sveinn Arnarsson. (2012). Slyss á hættulegustu vegum landsins.

Læknablaðið, (98), 6.

VIÐMÆLENDASKRÁ

Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, 14. desember 2018.

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, sérfræðingur, Þekkingarneti Þingeyinga, 12. desember 2018.

Hafsteinn Helgason, sviðsstjóri viðskiptaþróunar, 17. og 31. janúar 2019.

Jóhannes Sigfússon, bóndi, 24. janúar 2019.

Jónas Egilsson, skrifstofustjóri, 5. febrúar 2019.

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun, 17. janúar 2019.

Njáll Trausti Friðbertsson, alþingismaður, 11. desember 2018.

Reimar Sigurjónsson, bóndi, 29. janúar 2019.

Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, 18. desember 2018.

Tryggvi Már Ingvarsson, forstöðumaður Landskrár fasteigna, 11. desember 2018.

Þór Steinarsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, 11. desember 2018.

Þjónusta einkaaðila

Tillögur til stuðnings Bakkafirði samþykktar í ríkisstjórn 23.11.2018

Ríkisstjórnin samþykkti tillögur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um eflingu byggðar við Bakkaflóa skv. skýrslu nefndar sem ráðherra skipaði til um málefni byggðarinnar (Nefnd fulltrúa fimm ráðherra um málefni Bakkaflóa, 2018). Allt að 40 milljónum króna verður varið á ári í fimm ár til undirbúnings verkefna á Bakkaflóasvæðinu. Kostnaður vegna aflaheimilda og vegagerðar eru utan þessa kostnaðar. Fimm megingintillögur skv. skýrslu nefndarinnar voru samþykktar (Langesbyggð, 2018):

1. Auknar aflaheimildir. Lagt er að til 150 þorskígildistonnum verði að lágmarki bætt við aflaheimildir til ráðstöfunar í Bakkafirði og óskað eftir samstarfi um nýtingu þeirra. Jafnframt verði kannað hvort ná megir fram jákvæðari áhrifum á samfélagið með því að slá af kröfum um vinnsluskyldu á Bakkafirði fyrir þessar viðbótarheimildir, að minnsta kosti tímabundið.

2. Bundið slitlag á Langesströnd. Tekið er undir áform Vegagerðarinnar og eindregið lagt til að lagning bundins slitlags á Langesströnd hefjist á árinu 2019 og að verkinu ljúki eigi síðar en 2021. Í beinu framhaldi verði hafist handa við vegagerð um Brekknaheiði sem er á samgönguáætlun.

3. Brothættar byggðir. Lagt er til að byggðin við Bakkaflóa verði tekin inn í verkefnið Brothættar byggðir og verkefnisstjóri ráðinn til að stýra verkefninu. Nefndin leggur til að verkefnisstjóri verði í fullu starfi og hafi búsetu á Bakkafirði ef kostur er.

4. Samfélagssáttmáli um þjónustu og umhverfismál. Nefndin leggur til að gerður verði samfélagssáttmáli á milli sveitarstjórnar, íbúasamtaka og ríkis. Þar verði meðal annars lýst yfir vilja til að snúa við neikvæðri byggðapróun og settar fram skuldbindingar hvers aðila fyrir sig. Í umræddum samfélagssáttmála mætti taka á ýmsum málum, svo sem átaki í að efla nærþjónustu og átaki í umhverfismálum.

5. Starfsstöð í náttúrurannsóknum. Loks er lagt til að skoðað verði að koma á fót starfsstöð í náttúrurannsóknum á Bakkafirði sem hefði það hlutverk að rannsaka lífríki Bakkaflóa, þar með talið lífríki Finnafjarðar og nágrennis. Um væri að ræða útibú frá annaðhvort Náttúrufræðistofnun Íslands eða Náttúrustofu Norðausturlands.

Hlutfallsleg skipting svarenda eftir atvinnugreinum í þjónustukönnunum Byggðastofnunar



Norðurland eystra (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018a).



Austurland (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018b)